



UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
ÁRSSKÝRSLA 2022
103. Ársþing 2023

UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR

Skýrsla

Skýrsla 2022, lögð fram á 103. Ársþingi
Ungmennasambands Skagafjarðar var unnin á
skrifstofu UMSS af Thelmu Knútsdóttir í mars 2023

Umbrot og hönnun:

Thelma Knútsdóttir

Höfundar efnis:

Thelma Knútsdóttir
Gunnar Þór Gestsson
Þorvaldur Gröndal
Aðildarfélög UMSS

Ljósmyndir:

Er m.a. úr safni UMSS, UMFÍ, ÍSÍ, sérsambanda,
feykir.is, mbl.is, Óli Arnar Brynjarsson og
aðildarfélögum UMSS.



Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Upplýsingar	6
Stjórn UMSS	6
Dagskrá 103. ársþings	6
Skýrsla stjórnar	8
Fræðsludagur UMSS	11
Fjöldi þingfulltrúa	13
Hvatagreiðslur til aðildarfélaga	14
Iðkendur	15
Styrkir og sjóðir	16
Lottó reglugerð og úthlutanir	17
Covid 19 styrkir	19
Getraunir	20
Verkefni ÍSÍ	21
Aðildarfélög	22
Afreksmannasjóður	23
UMFÍ fréttapunktur	24
Viðurkenningar ÍSÍ og UMFÍ	28
Íþróttamaður UMSS reglugerð	30
Íþróttamaður UMSS 2022 tilnefningar	31
Íþróttamenn UMSS	33
Lið ársins 2020 tilnefningar	34
Þjálfari ársins tilnefningar	35
Hvatningarverðlaun	39
Frjálsíþróttaráð UMSS skýrsla	40
Skýrsla aðildarfélaga	42
Lög UMSS	70
Ársreikningar 2022	74

UNGLINGALANDSMÓT



UMFÍ

SAUÐÁRKRÓKUR
4. - 6. ÁGÚST 2023



HVAR VERÐUR ÞÚ?

UMSS.IS

ULM.IS

SKAGAFJORDUR.IS





ÁVARP FORMANNS

*Ágætu þingfulltrúar, félagsmenn og gestir.
Velkomin á 103. ársþing Ungmennasambands
Skagafjarðar.*

Þjónusta við aðra er leigan sem við borgum fyrir herbergið hér á jörðu sagði Muhamed Ali. Ungmennahreyfingin er farvegur fyrir okkur til að borga þessa leigu. Við sem störfum í ungmenna- og íþróttahreyfingunni höfum kannski ekki spurt okkur af hverju við erum að standa í þessu sjálfbóðaliðastarfi sem of oft er vanpakklátt og stundum fjandsamt. Í mínu tilfelli er þetta leiðin til að greiða þessa leigu til samfélagsins á þann hátt þar sem ég tel mestan árangur verða af mínu sjálfbóðastarfi.

Það er í þessu starfi eins og öðru að best vinnast verkin í góðum og samstilltum hópum. Hér myndast vinatengsl og kunningsskapur sem endist ævilangt. Að vera partur af hópi sem hefur sameiginleg markmið og leiðir til að komast þangað er alltaf skemmtilegt. Mér finnst það skipta mestu máli, þegar við erum að mynda þessa hópa, að það verður að vera gaman. Ef eitthvað í starfinu okkar er ekki gaman þá verðum við að finna leiðir til að breyta því.

Í sumar stendur UMSS fyrir Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki. Fyrsta markmið á unglingalandsmóti er að það á að vera gaman fyrir alla. Keppendur, sjálfbóðaliðar og foreldrar

eiga að njóta samverunnar á Sauðárkróki og gera gott mót. Svona mót eru nauðsynlegur þáttur í að ná árangri í starfi ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar. Hvernig erum við að mæla árangurinn í starfinu okkar?

Ungmennastarfið snýst um að gera einstaklinga betri í lífinu. Betri í að fást við þær áskoranir sem felast í því að lifa af og blómstra í samfélagi. Keppni er stór hluti af samfélaginu. Einstaklingar keppa alla ævi bæði í leik og starfi. Fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir keppa sín á milli á ýmsan hátt. Endalaus þrýstingur á alla að verða betri í dag en í gær.

Það er þess vegna órjúfanlegur þáttur í okkar starfi að tryggja að einstaklingar læri að keppa. Læri að takast á við andstæðingar og að takast á við úrslitin. Að gera einstakling betri í keppni, að kenna einstaklingi að ná árangri í íþrótt, er mjög góð leið til að auka lífsfærni einstaklings. Keppni verður því aldrei aðskilin frá ungmennastarfi. Alltaf skal stefnan vera að gera sitt besta í keppninni, æfa og gera betur næst. Það er gott veganesti í lífið að læra bæði að sigra og tapa. Enginn vinnur allar keppnir í lífinu.

Við sjáum menntakerfið minnka áhersluna á lokaprófin. Það þýðir ekki minni áherslu á námið. Við getum líka minnkað áhersluna á einkunnargjöfina í okkar starfi, en við skulum ekki minnka áhersluna á keppni. Það verða áfram staðir sem leggja áherslu á úrslit og einkunnargjöf. Einhverjir munu velja að fara þá leið, en ef við reynum að fara með alla þá leið þá hellast einhverjir úr lestinni.

Samfélag er byggt upp af einstaklingum. Sterkir einstaklingar gera samfélagið sterkara. Það ætti að vera okkar helsta markmið að byggja upp sterka einstaklinga, og hafa þá eins marga og kostur er. Við skulum reyna að hafa alla með. Við þurfum að finna leiðir til að halda ungmennum inni í starfinu okkar. Getur verið að ungmenni hætti í íþróttum vegna prófapreytu?

Einstaklingur í vanlíðan er eins og sá sem er að drukkna í sjó. Hann grípur í allt sem mögulegt er til að halda sér á floti og hugsar ekkert um hvort að hann dregur einhvern niður með sér. Við eigum að byggja þannig starf í hreyfingunni sem lágmarkar vanlíðan. Ef við verðum vör við einstakling í vanlíðan, þá reynum við að grípa inn í áður en allir sökkva.

Við í UMSS viljum halda áfram að móta góða einstaklinga sem kunna að keppa á réttum forsendum. Sýna virðingu og kurteisi og eiga skilið „hvíta spjaldið“ fyrir framgöngu sína. Við viljum fjölda einstaklinga sem borgar góða leigu fyrir herbergið hér á jörðu.

Góðir gestir, hér með set ég 103. ársþing UMSS og býð ykkur velkomin.

Gunnar Þór Gestsson, formaður UMSS.



Úrslitaleikur vorið 2022 Valur–Tindastóll meistaraflokkur karla
Mynd körfuknattleiksdeild Tindastóls

Ungmennasamband Skagafjarðar

Stofndagur: 17. apríl 1910

Fjöldi virkra aðildarfélag árið 2022; 10

Starf UMSS felst m.a. í eftirtöldum atriðum:

- Regnhlífarsamtök fyrir aðildarfélög sín og gætir hagsmuna þeirra.
- Útdeiling á Lottótekjum sem koma inn í héraðið.
- Ákveður skiptingu á fjármunum sem sveitarfélagið leggur til aðildarfélag UMSS.
- Stendur fyrir nokkrum mótum ár hvert á héraðsvísu og ætluð aðildarfélögum.
- Stendur fyrir mótum á landsvísu s.s. meistaramótum, landsmótum og bikarkeppnum.
- Hefur umsjón með liðum sem send eru út héraði og keppa undir merkjum UMSS.
- Hefur umsjón með undirbúningi og utanumhald keppnisliðs UMSS fyrir Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ.
- Tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri:

Thelma Knútsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Frímann Guðbrandsson

Jóhann Sigmarsson

Afreksmannasjóður:

Gunnar Þór Gestsson

Guðrún Helga Tryggvadóttir

Ómar Bragi Stefánsson

Þuríður Elín Þórarinnsdóttir, varamaður

Stjórn og ráð UMSS 2022-2023

Formaður:

Gunnar Þór Gestsson

Gjaldkeri:

Þuríður Elín Þórarinnsdóttir

Ritari:

Þorvaldur Gröndal

Meðstjórnandi:

Jóel Þór Árnason

Kolbrún Marvía Passaro

Varastjórn:

Finnbogi Bjarnason

Rósa María Vésteinsdóttir

S. Fjóla Víktorsdóttir

Frjálsíþróttaráð:

Kolbrún Þórðardóttir

Sigurjón Leifsson

Sigurður Arnar Björnsson

Sigurlína Einarsdóttir

Þórunn Eyjólfsdóttir

Dagskrá 103. Árþings

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Íþróttanefnd
 - d. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf.
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal).
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál.
17. Þingslit.



Sundlaug Sauðárkróks; framkvæmdir
Mynd skagafjordur.is (des.2022)



SKÝRSLA STJÓRNAR

102. Ársþing UMSS fór fram þann 12. mars 2022 í Húsi frítímans. Gunnar Þór Gestsson formaður setti þing og tilnefndi Garðar Svansson, fyrir hönd ÍSÍ, sem þingforseta. 63 þingfulltrúar áttu rétt á setu á þinginu en aðeins 21 fulltrúi mætti. Gunnar Þór Gestsson formaður UMSS flutti pistil formans, Þorvaldur Gröndal ritari UMSS fór yfir starfsskýrsluna stjórnar og Þuríður Elín Þórarinsdóttir gjaldkeri UMSS fór yfir ársreikning félagsins. Sambandið var rekið með afgangi og var ársreikningur samþykktur samhljóða í kjölfarið.

12. þingtillögur voru lagðar fyrir þing og voru allar samþykktar án breytinga.

Þingforseti minnti aðildarfélög á sérverkefni ÍSÍ og UMFÍ, þ.á.m. Lífshlaupið, Kvennahlaupið og annað sem eru í boði fyrir hinn almenna félagsmann.

Gunnar Þór Gestsson bauð sig fram til áframhaldandi setu formanns. Þorvaldur Gröndal, Kolbrún Passaro, Þuríður Elín Þórarinsdóttir og Jólá Árnason buðu sig fram til setu í tvö ár. Í varastjórn buðu eftirtaldir aðilar sig fram; Rósa María Vésteinsdóttir, Sigríður Fjóla Víktorsdóttir og Finnþogi Bjarnason. Á milli ársþinga fundaði stjórn UMSS tíu sinnum í fundaraðstöðu UMSS á Víðigrund 5.

Húsaleigustyrkur til UMSS frá Skagafirði hækkaði á árinu en betur má ef duga skal, því húsaleigan hefur hækkað verulega síðustu ár og er orðinn ansi stór hluti af rekstri sambandsins. Mikilvægt er því að halda áfram samtalinu við Skagafjörð við að leita leiða til að lækka húsnæðiskostnað, þ.m.t. að skoða hvort húsnæði í eigu sveitarfélagsins geti nýst sambandinu og aðildarfélögum þess til skrifstofuhalds.

Dagana 23.-27. mars fóru formaður, ritari og framkvæmdastjóri UMSS til Noregs í fræðsluferð á vegum UMFÍ, ásamt 35 öðrum. Þar var NIH (Norges Idrettshøgskole) heimsóttur þar sem annars vegar voru húsakynni skólans skoðuð ásamt því að sitja áhuagverða fyrirlestra. Umræðuefnin voru m.a. Íþróttahéruð í Noregi, fyrirkomulag barna- og unglingastarfs, íþróttir innflytjenda og íþróttir án aðgreiningar.

Dagana 29.-30. apríl sótti ritari UMSS vörfund UMFÍ sem fram fór á Hótel Hamri í Borgafirði. Helstu umræðuefni voru fræðslu- og verkaefnasjóður UMFÍ, innleiðing stefnumótunnar, Íþróttasamband fatlaðra, íþróttahéruð og endurskoðun þeirra, húsnæðismál UMFÍ og verkefni sumarsins.

Unglingalandsmóti UMFÍ, sem halda átti árið 2022 á Sauðárkróki, var frestað um ár en loksins sjáum við fyrir endan á frestunum og mun 24. Unglingalandsmótið fara fram um komandi Verslunarmannahelgi. Þá verða liðin 9 ár frá því að síðasta Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki. Sveitarfélagið Skagafjörður hefur stutt við þetta ferli.

Framkvæmdastjóri UMSS sótti 43. Sambandsráðsfundur UMFÍ, 15. október á Höfn í Hornafirði. Samabandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ milli sambandsþinga. Á fundinn mættu rúmlega 40 fulltrúar íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar af öllu landinu. Helstu mál fundar voru, skýrsla stjórnar, reikingar lagði fram, umræður um þá og svo lagðir fram til samþykktar. Önnur mál voru, fjárhagsáætlun, önnur mál frá stjórn, erindi og mál frá sambandsaðilum, umræður og mál sem vísað var til nefnda. Þrjár nefndir kynntu vinnu sína og tillögur.

Hvatapeningar hækkuðu á árinu 2022, úr kr. 25.000 í kr. 40.000. Hvatapeningar eru ætlaðir til niðurgreiðslu íþrótt- og tómstundastarfs barna á aldrinum 5-18 ára með lögheimili í Skagafirði. Er þetta mikilvægt skref til að styðja enn frekar við íþrótt- og tómstundaiðkun barna í Skagafirði.

Í byrjun nóvember var haldinn 4. Fræðsludagur UMSS í Ljósheimum. Inga Rún Björnsdóttir sálfræðingur hélt fyrirlestur um áhrif svefns og svefnleysis á heilsu og líðan almennt og einnig fyrir t.d. árangur í íþróttum, endurheimt og fl. Einnig stóð til að fram færi fyrirlestur um einelti frá Sentinu sálfræðistofu en honum var sleppt þar sem ekki þótti tilefni til vegna mætingar. Einsog fyrr segir var mæting með eindæmum döpur og því mikilvægt að ræða framhald þessa viðburðar en stjórn leggur mikið uppúr því að þessi viðburður haldi áfram þar sem hann gefur félagsmönnum tækifæri til þess að hittast og ræða þau málefni sem verið er að kynna en þau geta verið stefnumarkandi fyrir starfsemi aðildarfélaga UMSS.

Í desember hittust nefndarmenn Afrekssjóðs UMSS og fóru yfir umsóknir sem bárust til sjóðsins. Átta aðilar sóttu um og fengu þau öll úthlutað úr sjóðunum. Styrkveitingar fóru fram við hátíðalega athöfn við afhendingu Íþróttamanns Skagafjarðar.

Aðildarfélög og deildir sendu inn tilnefningar, með greinagerðum, til Íþróttamanns, liðs og þjálfara ársins, innan vébanda UMSS, fyrir árið 2022. Kosning fór fram rafrænt líkt og fyrri ár.

Íþróttamaður Skagafjarðar fór fram 28. desember í Ljósheimum þar sem bæði voru veitt verðlaun fyrir Íþróttamann Skagafjarðar, þjálfara ársins og lið ársins, auk þess sem veitt voru Hvatningaverðlaun UMSS fyrir árin 2020 – 2022. Athöfnin var mjög vel sótt.

Nokkrir fundir voru með UMFÍ og ÍSÍ með fjarfundasniði á árinu og hefur það fyrirkomulag haldið frá tímum Covid-19 þar sem mæting í gegnum fjarfund hefur almennt verið betri en á staðfundum. Það skiptir sköpum fyrir ÍSÍ að geta stuðst við starfsskýrslur félaganna í Sportabler í viðræðum sínum við ríkið og vill ÍSÍ árétta mikilvægi þess að upplýsingar um félaga, iðkendur og ársreikninga séu réttar.

Hefðbundnir viðburðir UMFÍ s.s. einsog 23. Unglingalandsmót UMFÍ, Landsmót 50+ og Íþróttaveislan fóru fram í fyrsta skipti frá 2019 eða frá því að Covid-19 reið yfir landið. Ágætis þátttaka var á þessa viðburði.



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND SKAGAFJÁRDAR
SKAGAFJÖRÐUR

FJÓLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

SAUDÁRKRÓKI
3-6. ÁGÚST

UMFÍ

ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

A young man in a white tank top with the number 632 is captured mid-air, jumping over a hurdle on a red track. He is wearing black shorts and yellow shoes. In the background, there are other people and a mountain range under a cloudy sky.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
UNGMENNASAMBAND SKAGAFJÁRDAR
SKAGAFJÖRÐUR

FJÓLSKYLDUHÁTÍÐ FYRIR 11-18 ÁRA.
TÓNLEIKAR OG SKEMMTUN Á KVÖLDIN.

UNGLINGA LANDSMÓT UMFÍ

SAUDÁRKRÓKI
3-6. ÁGÚST

UMFÍ

ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

A young woman in a blue and white striped jersey is captured mid-air, jumping over a hurdle on a red track. She is wearing white shorts and a white headband. In the background, there are trees and a clear sky.

**Dagskrá
26.september**

Júdo kl. 15:25 - 17:50

Frjálsar kl.15:25-17:00
11-14 ára

Badminton kl. 12:00-13:00

UMSS - Verum virk!

#BEACTIVE
EUROPEAN WEEK OF SPORT
23 - 30 September

HEILSUEFLANDI
Sveitarfélagið Skagafjörður

ff

Fótbolti
kl.13:15-14:00 6-7 ára strákar
kl.14:00-14:45 8-9 ára strákar
kl.14:45-15:25 8-9 ára stelpur
kl.15:25-16:10 6-7 ára stelpur
kl.16:10-17:00 3-4 ára blandað
17:00-17:50 5 ára blandað

Frjálsar
kl.13:15-14:00 8-9 ára blandað
kl.14:00-14:45 6-7 ára blandað

Badminton
kl.16:10-17:00 blandað

Sund
kl. 15:15-16:00 6-7 ára blandað
kl.16:30-17:30 5 bekkur + blandað

FYRIRLESTUR
Þorgrímur Þráinsson
Litlir hlutir skapa stóra sigra!
kl. 18:00 Hús fritímans

**Dagskrá
27.september**

UMSS - Verum virk!

#BEACTIVE
EUROPEAN WEEK OF SPORT
23 - 30 September

HEILSUEFLANDI
Sveitarfélagið Skagafjörður

ff

**ÍÞRÓTTAVÍKA
EVROPU**

**DAGSKRÁ
28.9.**

**UMSS
VERUM VIRK**

Karfa
kl.16:10-17:50 strákar 2006-2008
kl.17:50-19:30 strákar 1998-2005

Frjálsar
kl.15:25-17:00 5-8 bekkur
kl.17:00-20:00 15 ára og eldri
Íþróttahús Sauðárkrúka

Sund
kl.16:15 - 17:00 3-4. bekkur

Fótbolti
opnar æfingar

UMSS - Verum virk!

#BEACTIVE
EUROPEAN WEEK OF SPORT
23 - 30 September

HEILSUEFLANDI
Sveitarfélagið Skagafjörður

ff

FYRIRLESTUR
Margrét Lára og Einar Örn
360° Íþróttamaður
kl. 18:00 FNV bóknámshús

**ÍÞRÓTTAVÍKA
EVROPU**

29.9.

**UMSS
VERUM VIRK**

Karfa
kl.14:00-14:45 strákar 2011-2012
kl.15:25-16:10 stelpur 2011-2012
kl.15:25-16:10 stelpur 2009-2010
kl.20:20-22:00 strákar 2000-2008

Frjálsar
14:00-14:45 3-4 bekkur
14:45-15:25 1-2 bekkur

Sund
kl.16:30-17:30 5 bekkur og eldri

Fótbolti
opnar æfingar

Badminton
kl. 16:10-17:00

Júdo
kl. 16:10-17:50

UMSS - Verum virk!

#BEACTIVE
EUROPEAN WEEK OF SPORT
23 - 30 September

HEILSUEFLANDI
Sveitarfélagið Skagafjörður

ff



ÍÞRÓTTAVÍKA EVRÓPU 23.-30. SEPTEMBER

UMSS - verum virk!

Takk fyrir okkur



**Við erum á Samfélagsmiðlum
Facebook og Instagram
UMSS, UMSS - verum virk og @umsskagafjörður**

27

TUESDAY, SEPTEMBER 27, 2022 AT 6 PM

Litlir hlutir skapa stóra sigra!


Sæmundargata 7, 550 Sveitarfélagið Skagafjörður, Ís

28

WEDNESDAY, SEPTEMBER 28, 2022 AT 6 PM

360° ÍÞRÓTTAMAÐUR

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra





UMFÍ



4. Fræðsludagur UMSS var haldin þann 15.nóvember.

Boðið var upp á tvo fyrirlestra.

Styrkir frá Ípróttasjóði og UMFÍ gera okkur kleift að bjóða okkar félagsmönnum á fræðsludag UMSS, súpa og kaffi var í boði fyrir þá sem mættu.

FRÆÐSLUDAGUR UMSS

Í DAG KL. 17:30 Í LJÓSHÉIMUM

2 Fyrirlestrar sem tengjast íþróttum Betri svefn og Einelti

Ungmennni, foreldrar, þjálfarar og stjórnarmenn aðildarféлага UMSS eru öll boðin velkomin

Hjördís Halla Þórarinsdóttir
Íslandsmeistari í tölti
með Flipa frá Bergstöðum

Þórgunnur Þórarinsdóttir
Íslandsmeistari í fimi og fjórgangi
með Hnjúk frá Saurbæ



HESTAMANNAFÉLAGIÐ SKAGFIRÐINGUR
Íslandsmóti yngri flokka í Borgarnesi.

Þingfulltrúar 103. ársþings 2023 og fjöldi fulltrúa á 102. ársþingi 2022

Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 103. Ársþingi UMSS 2023

Félag	Félagar 18+	Þingfulltrúar
Bílaflúbbur Skagafjarðar	90	2+1
Golfklúbbur Sauðárkróks	182	4+1
Hestamannafélagið Skagfirðingur	496	7+1
Íþróttafélagið Gróska	40	2+1
Siglingarklúbburinn Drangey	132	3+1
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	467	7+1
Ungmennafélagið Hjalti	211	5+1
Ungmennafélagið Neisti	315	6+1
Ungmennafélagið Tindastóll	1517	14+1
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	76	2+1
Samtals	3526	52+10

Samkvæmt tölum úr FELIX þá hefur félögum aðildarfélaga UMSS fjölgað um 290 frá 2021.

Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 102. Ársþingi UMSS 2022

Félag	Félagar 18+	Þingfulltrúar	Mættir
Bílaflúbbur Skagafjarðar	94	2+1	1
Golfklúbbur Sauðárkróks	182	4+1	3
Hestamannafélagið Skagfirðingur	554	8+1	6
Íþróttafélagið Gróska	44	2+1	0
Siglingarklúbburinn Drangey	128	3+1	0
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	460	7+1	2
Ungmennafélagið Hjalti	211	5+1	0
Ungmennafélagið Neisti	312	6+1	0
Ungmennafélagið Tindastóll	1202	13+1	9
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	76	2+1	0
Samtals	3236	52+10	21

Mættir voru 21 fulltrúi af 62. 5 aðildarfélög mættu ekki á ársþingið.



HVATAPENINGAR SKAGAFJÖRÐUR



Öll börn í Sveitarfélaginu Skagafirði 5 - 18 ára á árinu eiga rétt á Hvatapeningum að upphæð 40.000 kr.

Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður æfinga- / þátttökugjöld í skipulögðu íþrótt-, lista- og æskulýðsstarfi. Réttur til Hvatapeninga fyrir ár hvert fellur niður í árslok. Ónýtir Hvatapeningar nýtast ekki milli ára.

Til að sækja um Hvatapeninga þarf að fara inn á [íbúagátt](#) og velja Sportabler skráningarkerfi. Þar er smelt á viðeigandi tómstund og valið að greiða með hvatapeningum. Ef þessi kostur er nýttur þarf ekki að sækja um hvatapeningana sérstaklega. Ef viðkomandi tómstund er ekki í Sportabler er farið í umsóknir í íbúagáttinni og valið Umsókn um Hvatapeninga.


Hvatapeningum er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu, fjölbreytileika íþrótt-, lista- og tómstundastarfs og styrkja félagslegt umhverfi og hafa jákvæð áhrif á þroska barna og unglinga.

[Íþrótt- og frístundamál - reglur um Hvatapeninga](#)

Fyrirspurnir eða athugasemdir vegna Hvatapeninga skal senda á Þorvald Gröndal frístundastjóra á netfangið: valdi@skagafjordur.is eða í síma: 455 6033.

Hvatagreiðslur til aðildarfélag UMSS 2022	NÓRI frá 1.1. - 31.5.	Sportabler frá 1.6 -31.12	Samtals 2022
Bílaklúbbur Skagafjarðar	0 kr	0 kr	0 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	0 kr	15.000 kr	15.000 kr
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1.645.000 kr	42.500 kr	1.687.500 kr
Íþróttafélagið Gróska	0 kr	0 kr	0 kr
Siglingaklúbburinn Drangey	0 kr	0 kr	0 kr
Ungmenna- og íþróttafélagið Smári	600.000 kr	480.000 kr	1.080.000 kr
Ungmennafélagið Hjalti	0 kr	0 kr	0 kr
Ungmennafélagið Neisti	0 kr	0 kr	0 kr
Ungmennafélagið Tindastóll	6.944.500 kr	3.563.440 kr	10.507.940 kr
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	0 kr	0 kr	0 kr
	9.189.500 kr	4.100.940 kr	13.290.440 kr

Iðkendur innan greina sérsambanda sem iðkaðar eru á sambandssvæði UMSS



2022 2021 2020

Styrkir frá UMFÍ, Íþróttasjóði og Ferðasjóður Íþróttafélaga ÍSÍ

UMFÍ Fræðslu og verkefnasjóður 2022		
maí úthlutun		
Frjálsíþróttadeild Tindastóls	Fræðsla, menntun og útbreiðsla	40.000 kr
Unglingaráð körfuknattleiksd. Tindastóls	Fræðsla, menntun og útbreiðsla	100.000 kr
UMSS	Kynning á ULM	150.000 kr
desember úthlutun		
Barna og unglingaráð knattspyrnud. Tindastóls	Styrktarþjálfaranám	100.000 kr
Barna og unglingaráð knattspyrnud. Tindastóls	UEFA námskeið yfirþjálfara	100.000 kr
Frjálsíþróttadeild Tindastóls	Átaksverkefni Frjálsar og þú	50.000 kr
Unglingaráð körfuknattleiksd. Tindastóls	Fyrirlestur og þjálfaramenntun	150.000 kr
UMSS	Unglingalandsmótót 2023	1.500.000 kr
Samtals styrkir frá UMFÍ		2.190.000 kr
Íþróttasjóður - Rannís 2023		
Sótt um 2022 og úthlutað 2023		
Bogfímideild Tindastóls	Uppbygging pílu- og bogfímideildar Tindastóls	300.000 kr
Unglingaráð Körfuknattleiksdeildar Tindastóls	Karfa fyrir alla!	250.000 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	Æfingapúttflöt	300.000 kr
Samtals styrkir frá Íþróttasjóði		850.000 kr
Ferðasjóður ÍSÍ 2022		
	Golfklúbbur Skagafjarðar	69.794 kr
	Ungmennafélagið Tindastóll	7.922.115 kr
Samtals		7.991.909 kr
Samtals styrkir á sambandsvæði UMSS		11.031.909 kr

UMFÍ

RANNSÓKNIR - NÝSKÖFUN - MENNTUN - MENNING - ATVINNULÍF
HINGAÐ OG LENGRA
 STUDNINGUR
 UPPBYGGING
 SAMSTARF
 KENNARASKIPTI
 STYRKIR
 ALÞJÓÐASAMSTARF
 UPPLÝSINGAR
 RÁÐGJÖF
 TUNGUMÁL
 VERDMÆTTI
 STARFSNÁM
 FRÆÐSLA
 VÍSINDI
 ORKA
 MENNINGARÆTUN
 EVRÓPUSAMVINNA
 HÍSHÉLAR
 HÍSHÉLAR



FERÐASJÓÐUR ÍÞRÓTTAFÉLAGA



LOTTÓREGLUGERÐ - ÚTHLUTUN

I. Skipting lottótekna UMSS:

1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þær deildir/aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

IV. Regla vegna iðkenda fjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Nóra. Iðkendatölur úr Nóra skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkenda fjölda.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðili ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort

haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Nóra og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið

fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

VIII. Um úthlutun.

Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018

Lottógreiðslur og félagsgjöld 2022

	Lottó greiðslur 2022	Félagsgjöld 2022	Aukaúthlutun sem kemur til greiðslu 1.4. 2023	Samtals 2022
Bíklúbbur Skagafjarðar	182.140 kr	52.440 kr	28.500 kr	263.080 kr
Golfklúbbur Skagafjarðar	582.910 kr	100.464 kr	83.148 kr	766.522 kr
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1.618.049 kr	305.808 kr	234.247 kr	2.158.104 kr
Íþróttafélagið Gróska	53.108 kr	22.080 kr	10.865 kr	86.053 kr
Siglingarklúbburinn Drangey	418.614 kr	70.656 kr	59.517 kr	548.787 kr
Ungmennna og Íþróttafélagið Smári	630.861 kr	253.920 kr	107.604 kr	992.385 kr
Ungmennafélagið Hjalti	482.543 kr	116.472 kr	72.831 kr	671.846 kr
Ungmennafélagið Neisti	273.455 kr	172.224 kr	54.179 kr	499.858 kr
Ungmennafélagið Tindastóll	3.107.202 kr	452.088 kr	433.462 kr	3.992.752 kr
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	217.518 kr	41.952 kr	31.567 kr	291.037 kr
UMSS	3.269.108 kr	-	398.543 kr	3.667.651 kr
Afreksmannasjóður UMSS	653.822 kr	-	79.709 kr	733.531 kr
Samtals	11.489.330 kr	1.588.104 kr	1.594.172 kr	14.671.606 kr



Lottóúthlutun samkvæmt mætingu kjörfulltrúa á 102. ársings UMSS 2021 vs. 2022

UMSS	UMSS f.gj.	Afreksm.	Bílafl. Sk.	Golfkl. Skr.	Hestamf. Skagf.	Gróska	Siglingakl. Drangey	Smárl	Hjaltl	Neistl	Tíndastóll	Vélhj.kl. Skagafj.
			90	222	643	40	169	591	228	414	2057	83
			16	186	643	10	101	281	99	92	925	83
25		5	0,725145158	4,796354224	16,03233747	0,381582486	2,818056281	8,372897645	3,037089134	3,713336033	28,05370855	2,069493017
			90	182	496	40	132	467	211	315	1517	76
			49.500	100.100	272.800	22.000	72.600	256.850	116.050	173.250	834.350	41.800
	484.825		12.375	25.025	68.200	5.500	18.150	64.213	29.013	43.313	208.588	10.450
			90	222	643	40	169	591	228	414	2057	83
			16	186	643	10	101	281	99	92	925	83
			3	5	9	1	4	8	6	1	14	2
25		5	1,725857739	5,156053081	14,14941775	0,67683917	3,498262	9,084704815	4,488432195	3,335357906	25,74231034	2,142765007
1.556.404 kr		311.281 kr	107.445 kr	320.996 kr	880.888 kr	42.137 kr	217.788 kr	565.579 kr	279.432 kr	207.647 kr	1.602.617 kr	133.400 kr
			12.375 kr	25.025 kr	68.200 kr	5.500 kr	18.150 kr	64.213 kr	29.013 kr	43.313 kr	208.588 kr	10.450 kr
1.556.404 kr		311.281 kr	95.070 kr	295.971 kr	812.688 kr	36.637 kr	199.638 kr	501.366 kr	250.420 kr	164.334 kr	1.394.029 kr	122.950 kr

UMSS	UMSS f.gj.	Afreksm.	Bílafl. Sk.	Golfkl. Skr.	Hestamf. Skagf.	Gróska	Siglingakl. Drangey	Smári	Hjalti	Neisti	Tíndastóll	Vélhj.kl. Skagafj.
			90	222	643	40	169	591	228	414	2057	83
			16	186	643	10	101	281	99	92	925	83
25		5	0,725145158	4,796354224	16,03233747	0,381582486	2,818056281	8,372897645	3,037089134	3,713336033	28,05370855	2,069493017
			90	182	496	40	132	467	211	315	1517	76
			49.500	100.100	272.800	22.000	72.600	256.850	116.050	173.250	834.350	41.800
	484.825		12.375	25.025	68.200	5.500	18.150	64.213	29.013	43.313	208.588	10.450
			90	222	643	40	169	591	228	414	2057	83
			16	186	643	10	101	281	99	92	925	83
			1	3	6	0	0	2	0	0	9	0
25		5	1,54616322	6,126403485	16,46747704	0,299480679	1,988828038	7,970598795	2,224281252	2,957999416	29,03072005	1,388048025
1.556.404 kr		311.281 kr	96.258 kr	381.406 kr	1.025.202 kr	18.645 kr	123.817 kr	496.219 kr	138.475 kr	184.154 kr	1.807.341 kr	86.415 kr
			12.375 kr	25.025 kr	68.200 kr	5.500 kr	18.150 kr	64.213 kr	29.013 kr	43.313 kr	208.588 kr	10.450 kr
1.556.404 kr		311.281 kr	83.883 kr	356.381 kr	957.002 kr	13.145 kr	105.667 kr	432.006 kr	109.463 kr	140.841 kr	1.598.753 kr	75.965 kr

Íþróttahreyfingin og COVID - 19

Mennta- og barnamálaráðherra úthlutaði 450 milljónum króna til íþróttahreyfingarinnar í árs byrjun 2023 vegna tekjutaps af völdum heimsfaraldurs árin 2020-2022.

Um var að ræða lokaúthlutun stjórnvalda með það að markmiði að viðhalda öflugu íþróttastarfi hér á landi.

Úthlutunin byggði á tillögum vinnuhóps ÍSÍ út frá skilyrðum mennta- og barnamálaráðuneytis. Skilyrði stuðnings var tekjutap við það að fella tímabundið niður starfsemi og/eða kostnaðarauki vegna opinberra sóttvarnaráðstafana.

Styrkir til íþróttafélaga og deilda við lokaúthlutun voru veittir fyrir kostnaðarauka og tekjutap frá júlímánuði 2021 til og með febrúar 2022.

Styrkir til íþróttahéraða og sérsambanda voru fyrir lengra tímabil eða frá miðju ári 2020 til og með febrúar 2022 og voru um 70% af lokaúthlutun.

Þá gafst æskulýðsfélögum sem og öðrum samtökum með samning við mennta- og barnamálaráðuneytið kostur á að sækja um stuðning vegna tímabilsins frá júlímánuði 2021 til og með febrúar 2022 á sömu forsendum.

Með hliðsjón af lagalegum forsendum fór útgreiðsla styrksins í gegnum mennta- og barnamálaráðuneytið en ekki ÍSÍ líkt og fyrri styrkgreiðslur.

Hlutu tvær deildir innan UMF Tindastóls styrk

Körfuknattleiksdeild 811.152 kr.

Knattspyrnadeild 1.918.265 kr.



ÁFRAM ÍÞRÓTTIR!

Fylgjum reglunum svo við getum haldið áfram að hittast og stunda íþróttir saman.

-  Þössum nálægðarmörk þar sem það á við
-  Virðum grímskylduna
-  Þvöum hendurnar reglulega og sótthreinsum
-  Höldum okkur heima og förum í skimun ef við fáum einkenni





Getraunastarf á sambandssvæðinu


Á tímum Covid hefur reynst erfitt að halda úti hefðbundnu getraunastarfi íþróttafélaganna þar sem stuðningsfólk mætir í félagsheimilið, spjallar, drekkur kaffi og tippar á Enska getraunaseðilinn. Slíkar samkomur hafa ekki verið í boði. Íþróttafélögin hafa samt mörg hver sýnt mikið hugmyndaflug til að halda úti getraunastarfinu og nýtt sér rafræna möguleika þar eins og annarstaðar í þjóðfélaginu.

Húspottur

Algengasta aðferðin er að búa til svokallaðan húspott og tippa á eitt húskerfi. Aðferðin felst í því að haft er samband við félagsfólk og það spurt hvort það vilji vera með í húspotti og leggja t.d. 1.000 krónur á viku í pottinn og taka þátt í 6-10 vikur. Upphæðin má vera að eigin vali, lægri eða hærri eftir vali hvers og eins og er tekin af kreditkorti viðkomandi. Eftir að húspotturinn er tilbúinn er tippað fyrir alla upphæðina á einn getraunaseðil. Líkurnar á vinningi eru hærri þar sem hægt er að tvítryggja og þrítryggja fleiri leiki með hærri upphæð. Enn fremur er hægt að velja áhugaverð getraunakerfi sem geta gefið góða vinninga.

Einfalt

Í félagakerfinu sem Getraunir láta íþróttafélagunum í té endurgjaldslaust, er einfalt að halda utanum innborganir félagsfólks. Í kerfinu er tippað á getraunaseðilinn og þegar úrslit eru ljós og vinningur kemur á seðilinn sér kerfið um að borga hverjum og einum sem þátt tók í húspottinum sinn vinning í réttu hlutfalli við þá upphæð sem hann lagði fram.



Að stofna húspott er einföld og skemmtileg fjáröflun fyrir íþróttafélögin sem tengir saman félagsfólk og getur haft óvænta vinninga í för með sér fyrir þá sem taka þátt.

Starfsfólk Getrauna veitir allar upplýsingar og aðstoðar íþróttafélögin sé eftir því leitað í síma 580- 2500 eða í netfang phs@getspa.is.

Það er gaman að sjá að flest öll félög eru farin að ýta undir sína félagsmenn að merkja við sitt félag.

Styður þú þitt félag! Áheiti árið 2022 og greiðsla

550 KKD Tindastóll

- Áheiti 389.684 kr. - Styrkur 38.968 kr.

551 Ungmennafélagið Hjalti

- Áheiti 4.225kr. – Styrkur 0 kr.

554 Golfklúbbur Skagafjarðar

- Áheiti 57.363 kr. – Styrkur 5.763 kr.

560 Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

- Áheiti 49.880 kr. – Styrkur 4.988 kr.

566 Ungmennafélagið Neisti

- Áheiti 58.825 kr. – Styrkur 5.883 kr.

Helstu Verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ



Í Lífshlaupinu eru landsmenn allir hvattir til þess að huga að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, vinnu, í skóla og við val á ferðamáta. Í ráðleggingum Embætti landlæknis um hreyfingu er börnum og unglingum ráðlagt að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag og fullorðnum í minnst 30 mínútur á dag.



82 grunnskólar skráðu sig til leiks árið 2022 sem er met. Aldrei hafa fleiri skólar tekið þátt. Árið 2021 voru 79 skólar sem skráðu sig. Árskóli tók þátt í göngum í skólann.



Hjólað í vinnuna 2023 fer fram þann 3. - 23. maí. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Opnað verður fyrir skráningu 19. apríl nk.



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Stúdentaráðs Háskóla Íslands (HÍ) stóðu fyrir sameiginlegu hjólaátaki nemenda Háskóla Íslands dagana 22. september.- 6 október. Í áttakinu var efnt til keppni milli nemendafélaga Háskóla Íslands.



Verkefnið Ísland á iði er fræðslu- og hvatningarverkefni á landsvísu sem ætlað er almenningi á öllum aldri. Á Facebook síðu verkefnisins má finna hugmyndir að fjölbreyttri hreyfingu, ýmsan fróðleik, myndir, myndbönd og fleira skemmtilegt.



Íþróttavíku Evrópu er haldin 23. – 30. september ár hvert í yfir 30 Evrópulöndum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu í gegnum Erasmus+ styrkjakerfið til verkefna sem munu tengjast vikunni. Markmiðið með Íþróttavíku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings.



Í yfir 30 ár Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ sameinað samveru og hreyfingu kvenna á landsvísu Upphafleg markmið hlaupsins um að hvetja konur til að gefa sér tíma fyrir sig, hreyfa sig meira og hlúa að heilsu sinni hafa sannarlega náðst og því hefur nú verið tekin ákvörðun um að leggja hlaupið niður.



Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Sundsamband Íslands stóð fyrir landsátaki í sundi frá 1. - 30. nóvember 2022. Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess.



Bílaklúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/bilaklubburskagafjardar/>

Félagið stofnað 1989
Formaður: Baldur Haraldsson
Fjöldi félagsmanna: 94
Fjöldi iðkenda: 18



Golfklúbbur Skagafjarðar

www.gss.is

Félagið stofnað 1970
Formaður: Róbert Óttarsson
Fjöldi félagsmanna: 222
Fjöldi iðkenda: 186



Hestamannafélagið Skagfirðingur

<https://skagfirdingur.is/>

Félagið stofnað 2016
Formaður: Elvar Einarsson
Fjöldi félagsmanna: 643
Fjöldi iðkenda: 643



Íþróttafélagið Gróska

Félagið stofnað 1992
Formaður: Salmína Sofía Tavsén
Fjöldi félagsmanna: 40
Fjöldi iðkenda: 10



Siglingaklúbburinn Drangey

<https://www.facebook.com/siglingaklubburinnrangey/>

Félagið stofnað 2009
Formaður: Kári Heiðar Árnason
Fjöldi félagsmanna: 172
Fjöldi iðkenda: 125



Ungmennaog Íþróttafélagið Smári

<https://www.facebook.com/ithrottir>

Félagið stofnað 1995
Formaður: Sarah Holzen
Fjöldi félagsmanna: 591
Fjöldi iðkenda: 98



Ungmennafélagið Hjalti

<https://www.facebook.com/umfhjalti>

Félagið stofnað 1927
Formaður: Katharina Sommermeier
Fjöldi félagsmanna: 225
Fjöldi iðkenda: 85



Ungmennafélagið Neisti

<https://www.facebook.com/groups/101411456574104/>

Félagið stofnað 1898
Formaður: Margrét Berglind Einarsdóttir
Fjöldi félagsmanna: 414
Fjöldi iðkenda: 74



Ungmennafélagið Tindastóll

www.tindastoll.is

Félagið stofnað 1907
Formaður: Guðlaugur Skúlason
Fjöldi félagsmanna: 2057
Fjöldi iðkenda: 925



Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/groups/79689055901/>

Félagið stofnað 2005
Formaður: Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 83
Fjöldi iðkenda: 76

AFREKSSJÓÐUR UMSS

Úthlutanir fyrir afreksárið 2022

8 aðilar sóttu um styrk og fengu úthlutað í desember 2022.

Andrea Maya Chirikadzi – Frjálsar íþróttir, Íslandsmeistari

Axel Arnarson – Körfuknattleikur (Landslið)

Björg Ingólfssdóttir – Hestaíþróttir (Landsliðsval)

Ísak Óli Traustason – Frjálsar íþróttir (Landslið)

Margrét Rún Stefánsdóttir – Knattspyrna (Landslið)

Orri Már Svavarsson – Körfuknattleikur (Landslið)

Stefanía Hermannsdóttir – Frjálsar íþróttir

Þórgunnur Þórarinsdóttir – Hestaíþróttir (Landsliðsval)

AFREKSSJÓÐUR UMSS

Ungmennasamband Skagafjarðar óskar eftir
umsóknum frá iðkendum í aðildarfélagum UMSS
í afrekssjóð UMSS fyrir árið 2022

**Rétt til styrkveitinga eiga þeir,
sem skara framúr í íþróttgrein sinni.**

Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi
íþróttamenn að sækja skriflega um til
framkvæmdastjóra UMSS
og jafnframt að gera grein fyrir
forsendum umsóknarinnar.

Umsóknir sendist á netfangið umss@umss.is
Umsóknarfrestur er til og með 30. nóvember 2022.



Sjá nánar á <https://www.umss.is>

Reglugerð um Afrekssjóð UMSS

1. grein. Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UMSS.

2. grein. Tilgangur sjóðsins er sá að styrkja Skagfirska afreksmenn til æfinga og keppni.

3. grein. Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Ársþing UMSS kys 2 menn í stjórnina og 1 til vara, sem ekki eru í aðalstjórn UMSS. Stjórn UMSS tilnefnir síðan 1 úr aðalstjórn, sem formann sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn.

4. grein. Tekjur sjóðsins verði ákveðið hlutfall tekna UMSS af íslenskri Getspá, skv. reglugerð hverju sinni. Auk þess frjáls framlög einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.

5. grein. Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma, öllu því fé sem í honum er. Sjóðsstjórn ákveður styrktar upphæð hverju sinni.

6. grein. Rétt til styrkveitinga eiga þeir, sem skara fram úr í íþróttgrein sinni, t.d. eru í landsliði, sigra á Íslandsmeistaramóti, setja Íslandsmet, eða á annan hátt sína að þeir eru afreksmenn í íþróttum.

7. grein. Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn eða félög þeirra, að sækja skriflega um til sjóðsstjórnar og jafnframt að gera grein fyrir ástæðum umsóknarinnar.

8. grein. Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi UMSS gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.

9. grein. Endurskoðendur UMSS eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.

10. grein. Fundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður boði til þeirra.



A
F
R
E
K
S
F
Ó
L
K

U
M
S
S

2
0
2
2



SKÍÐASVÆÐI TINDASTÓLS

Skíðadeild UMF Tindastóll

Aðild Íþróttabandalags Hafnarfjarðar að UMFÍ; Sögulegt skref var stigið þegar umsókn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) um aðild að UMFÍ var samþykkt í nóvember 2022. Þetta markaði tímamót enda í fyrsta sinn öll íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu aðilar að UMFÍ. Sambandsaðilar UMFÍ urðu eftir þetta 27 talsins, sem skiptast í 22 íþróttahérað og 5 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 480 félög innan UMFÍ um allt land.

Þjónustumiðstöð UMFÍ flytur í Íþróttamiðstöðina; í febrúar 2022 keypti Öryrkjabandalagið þjónustumiðstöð UMFÍ við Sigtún. Leit hófst samstundis að nýju húsnæði. Síðar um árið undirrituðu Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, og Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, samning um leigu UMFÍ á þriðju hæðinni í Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Þar voru ráðstefnusalir áður. Endurbætur hófust fljótlega á húsnæðinu og flutti þjónustumiðstöð UMFÍ í nýtt húsnæði í byrjun árs 2023.

Samræmd viðbragðsáætlun; Sigurbjörg Sigurpáldóttir, samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs, kynnti í nóvember samræmda viðbragðsáætlun fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf. Markmið hennar er að vera leiðbeinandi fyrir öll félög. Öll félög geta nýtt viðbragðsáætlunina í flestum málum. Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri hjá UMFÍ, átti sæti í vinnuhópi um mótun viðbragðsáætlunarinnar. Samskiptaráðgjafi er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplifað einhvers konar ofbeldi, einelti eða telja sig hafa tekið eftir slíku í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Í kjölfar þessa breyttist starfsemi Æskulýðsvettvangsins, sem mun í kjölfarið leggja meiri áherslu á forvarnavinnu í íþrótt- og æskulýðsstarfi og sinna námskeiðahaldi.

Skólabúðir á Reykjum; Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, og Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, þá sveitarstjóri Húnaþings vestra, skrifuðu síðsumars 2022 undir samning um húsnæði og rekstur Skólabúðanna á Reykjum í Hrótafirði. Umfangsmiklar endurbætur hófust í kjölfarið. Í Skólabúðirnar koma nemendur 7. bekkjar grunnskóla af öllu landinu en í Ungmennabúðir UMFÍ á Laugarvatni koma nemendur 9. bekkjar.



Næstum sex þúsund grunnskólanemendur koma í báðar búðirnar yfir skólaárið.

UMFÍ leigir út húsnæði Ungmennabúða UMFÍ um helgar og utan skólaárs og hefur ásóknin verið afar góð. Íþróttasamband fatlaðra hefur m.a. haft þar sumarbúðir ásamt fleirum. Sambandsaðilar og aðildarfélög UMFÍ hafa jafnframt leigt húsnæðið fyrir æfingabúðir og ýmsa íþróttatengda viðburði.

Viðburðir UMFÍ;

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 24. – 26. júní í huggulegasta veðri í Borgarnesi í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð. Fjölmennustu greinarnar voru boccía og ringó ásamt golfi og pútti og nokkrum greinum sem opnar voru fólki á öllum aldri. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, var viðstaddur setningu mótsins. Í ávarpi sínu sagði hann heilbrigðiskerfið ekki ná utan um alla og mælti með forvirkum aðgerðum í heilsuefingu.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Stykkishólmi dagana 23. – 25. júní 2023 í samstarfi við Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og Sveitarfélagið Stykkishólm.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina, dagana 29. – 31. júlí 2022 í samstarfi við Héraðssambandið Skarphéðin og Sveitarfélagið Árborg. Boðið var upp á meira en 20 íþróttagreinir fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kökuskreytingar voru meðal vinsælustu greina. Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikar mótsins. Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023.

Ánægjuvög íþróttar: Besta forvörnin er að taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi, Niðurstöður Ánægjuvogarinnar 2022 árétta mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla, því yfirgnæfandi meirihluti iðkenda er ánægður með íþróttafélagið sitt, þjálfarann sinn og æfingaaðstöðuna og upplifir gott félagslíf með liðinu.

Til viðbótar hefur verið sýnt fram á að þeim börnum og ungmennum sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður betur en hinum. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. Af þeim sökum er mikilvægt að ná til þeirra sem ekki stunda skipulagt íþróttastarf.

https://www.umfi.is/media/5996/nordurland_-_anaegjuvogin-2022.pdf

Íþróttaveisla UMFÍ samanstóð af tveim viðburðum sumarið 2022. Drulluhlaup Krónunnar fór fram 11. ágúst. Hlaupið var hluti af Íþróttaveislu UMFÍ, sem haldin var í tilefni af 100 ára afmæli Ungmennasambands Kjalarnesþings (UMSK). Aðsóknin var gríðarlega góð, ánægjan mikil og var ákveðið að takmarka fjölda hlaupara við fjögur hundruð. Hlaupið vakti mikla athygli og var bein útsending frá því í hádegisfréttum RÚV. Íþróttaveislan hélt áfram í ágúst því Hundahlaup UMFÍ og Non-Stop Dogwear fór fram undir lok mánaðar. Hundahlaupið markaði tímamót enda fyrsta skiptið sem íþróttahreyfingin stóð fyrir viðburði með hundum og eigendum þeirra. Sýnt var beint frá ræsingu hlaupsins í kvöldfréttum Stöðvar 2.

Forsetahlaup UMFÍ fór síðan í fyrsta sinn fram á Álftanesi 3. september. Það var hluti af Íþróttaveislu UMFÍ og UMSK. Rúmlega 200 manns tók þátt í hlaupinu og eftirtektarvert hversu margar fjölskyldur hlupu saman. Boðið var upp á tvær vegalengdir, míluhlaup (1,6 km) og 5 km hlaup. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, hljóp í báðum vegalengdum. Hann kom síðastur í mark í 5 km hlaupinu ásamt nágranna sínum, Ólafi Oddssyni sem fór alla lengri leiðina í rafmagnshjólástól.

Drulluhlaup UMFÍ og Forsetahlaup UMFÍ verða haldin aftur síðar í sumar



Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði; fór fram á Laugarvatni dagana 9. – 11. september. Ráðstefnan er umfangsmesti viðburður Ungmennaráðs UMFÍ. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Láttu drauminn rætast! Þátttakendur voru um 80 af öllu landinu. Auk þess tóku þátt þingmenn og stjórnendur fyrirtækja í spjalli.

Næsta ungmennaráðstefna UMFÍ verður í september 2023. Hún verður auglýst síðar.

Sjóðir UMFÍ; Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Stærstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Markmið sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

Umsóknarfrestir og úthlutanir eru tvisvar á ári. Árið 2022 var 25 milljónum króna úthlutað úr sjóðnum til 163 verkefna. Styrkfjárhæðirnar hafa aldrei verið hærri.

UMFÍ styrkir líka þau sem hyggja á nám í lýðhaskóla í Danmörku. Slíkir styrkir námu 1,5 milljónum króna árið 2022.

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóðir. Árið 2022 voru tveir styrkir veittir úr sjóðnum til tveggja verkefna upp á 675 þúsund krónur.



Nýtt skýrsluskilakerfi; Opnað var fyrir fyrir starfsskýrsluskil í nýju kerfi sem fyrirtækið Abler smíðaði fyrir ÍSÍ og UMFÍ. Kerfið tók við af Felix sem hafði verið notað frá árinu 2004.

UMFÍ til Noregs; Um 40 manns frá UMFÍ og aðildarfélögum heimsótti íþróttahéraðið Viken í Noregi í mars og fékk hópurinn fræðslu um starfsemi þess, íþróttir fatlaðra, skipulag íþróttahéraða í Noregi og fleira.

Sambandsráðfundur UMFÍ; 44. sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Höfn í Hornafirði laugardaginn 15. október. Á fundinn mættu rúmlega fjörutíu fulltrúar íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar af öllu landinu. Þar kynntu þrjár nefndir vinnu sína og tillögur. Þetta voru útgáfu- og kynningarnefnd, móta- og viðburðanefnd og nefnd um íþróttahéruð. Töluverðar umræður sköpuðust um málið.

Hvatningarverðlaun UMFÍ; eru veitt á Sambandsráðsþingum og fundum. Þrír sambandsaðilar hlutu Hvatningarverðlaun UMFÍ 2022. Þau hlutu Þróttur Vogum fyrir átaksverkefnið Fögnum ástinni, sem ætlað er að fjölga íbúum bæjarfélagsins og iðkendum með náttúrulegum hætti, UMSK hlaut Hvatningarverðlaun fyrir verkefnið Virkni og vellíðan, sem er heilsuefling fyrir eldri borgara í Kópavogi, og Ungmennasamband Austur-Húnavetninga (USAH) fyrir samstarf félaganna Fram og Hvatar.






HEFUR BARNIÐ ÞITT FUNDIÐ SÍNA ÍÞRÓTT?
HAS YOUR CHILD FOUND ITS FAVORITE SPORT?



VARMAHLÍÐ

Ungmenna- og íþróttafélagið Smári

Viðurkenningar UMFÍ og ÍSÍ



UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki

Heiðursfélagar UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1987

Gullmerki UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1984

Haraldur Þ. Jóhannsson 2004

Páll Ragnarsson 2007

Björn Hansen 2022

Gunnar Sigurðsson 2022

Starfsmerki UMFÍ

Stefán Pedersen 1971

Helgi Rafn Traustason 1980

Páll Ragnarsson 1980

Stefán Guðmundsson 1980

Gunnar Sigurðsson 1992

Frímann Guðbrandsson 1998

Ómar Bragi Stefánsson 1998

Hjalti Þórðarson 2004

Bjarni Jónsson 2005

G. Kristín Jóhannesdóttir 2006

Guðmundur Sveinsson 2006

Steinunn Hjartardóttir 2009

Stefán Öxndal Reynisson 2010

Snorri Styrkársson 2010

Rannveig Helgadóttir 2011

Viggó Jónsson 2011

Hrafnhildur Pétursdóttir 2012

Jónína Stefánsdóttir 2012

Hjörtur Geirmundsson 2012

Starfsmerki UMFÍ, frh.

Kári Marísson 2013

Árni Stefánsson 2013

Friðbjörg Vilhjámsdóttir 2017

Ingimar Ingimarsson 2017

Símon Gestsson 2017

Björn Hansen 2018

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir 2018

Skúli Jónsson 2018

Sara Gísladóttir 2019

Gunnar Þór Gestsson 2019

Jóhannes Þórðarson 2022

Helga Eyjólfsdóttir 2022

I. Klara Helgadóttir 2022

ÍSÍ gull- og silfurmerki

Gullmerki ÍSÍ

Páll Ragnarsson 1982

Trausti Sveinsson 1996

Viggó Jónsson 2019

Ómar Bragi Stefánsson 2022

Silfurmerki ÍSÍ

Haraldur Þór Jóhannsson 2005

Hjalti Þórðarson 2005

Ómar Bragi Stefánsson 2005

Steinunn Hjartardóttir 2006

Halldór Halldórsson 2008

Gunnar Sigurðsson 2022





SÍKIÐ, ÍÞRÓTTAÐÚS SAUÐÁRKRÓKS

Stuðningsmannasveit körfuknattleiksdeildar Tindastóls

Reglugerð um val á Íþróttamanni, Liði og Þjálfara ársins í Skagafirði

1.gr. Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og Sveitafélagsins Skagafjarðar.

2.gr. Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefning í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

- | | |
|-------------------------------------|--------------|
| • Bilaklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
| • Golfklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
| • Hestamannafélagið Skagfirðingur | 1 tilnefning |
| • Íþróttafélagið Gróska | 1 tilnefning |
| • Siglingaklúbburinn Drangey | 1 tilnefning |
| • Ungmenna- og íþróttafélagið Smári | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Hjalti | 1 tilnefning |
| • Ungmennafélagið Neisti | 1 tilnefning |
| • UMFT Bogfimdeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Frjálsíþróttadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Júðódeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Knattspyrnadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Kraftlyftingadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Körfuknattleiksdeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Skíðadeild | 1 tilnefning |
| • UMFT Sunddeild | 1 tilnefning |
| • Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar | 1 tilnefning |
- Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS.

Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

3. gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.

4. gr. Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann.

Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landslið) í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglinga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

5.gr. Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

6.gr. Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.

Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kys. Þar koma fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

7. gr. Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

8.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

9.gr. Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggi að baki hvers titils.

10. gr. Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

11.gr. Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farand-bikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS

Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefninginn skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglinga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.

Stjórn UMSS og Sveitarfélagið Skagafjörður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt.

Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna).



UMSS



Tilnefningar til Íþróttamanns ársins 2022

Anna Karen

Guðmar Freyr

Ísak Óli

Jónas Aron

Pétur Rúnar



Anna Karen Hjartardóttir

Kylfingur, Golfklúbbur Sauðárkróks
mynd: Facebook

Guðmar Freyr Magnússon

Hestamaður, Hestamannafélagið Skagfirðingur
mynd: Landsamband Hestamanna

Ísak Óli Traustason

Frjálsíþróttamaður, Ungmennafélagið Tindastóll
mynd: flickr síða fri.is

Jónas Aron Ólafsson

Knattspyrnumaður, Ungmennafélagið Tindastóll
mynd: feykir.is

Pétur Rúnar Birgisson

Körfuknattleiksmaður, Ungmennafélagið Tindastóll
mynd: körfuknattleiksdeild Tindastóls

Íþróttamaður UMSS 2022

Pétur Rúnar Birgisson


Pétur Rúnar Birgisson hefur stimplað sig rækilega inn sem einn af máttarstólpum liðs meistaraflokks karla í körfubolta. Þrátt fyrir að stundum blási á móti þá lætur Pétur aldrei deigan síga og er liðsfélögum sínum, yngri iðkendum og áhorfendum framúrskarandi fyrirmynd. „Sekúndurnar tifa, mómentið til að deyja eða lifa“ segir í hinu vinsæla stuðningsmannalagi Tindastóls sem gefið var út á vordögum 2022.

Allt Tindastólsfólk veit nákvæmlega hvaða móment þetta er, það var þegar Pétur Rúnar stal boltanum í innkasti, brunaði fram völlinn með andstæðinginn andandi ofan í hálsmálið á sér, lagði boltann snyrtilega ofan í körfuna rétt í þann mund sem leiktíminn rann út og tryggði Tindastól sigur í leiknum. Þetta er eftirminnilegasta íþróttamóment ársins, ekki bara fyrir Tindastólsfólk eða körfuboltaáhugafólk heldur fyrir landsmenn alla.



Pétur Rúnar ásamt formanni UMSS Gunnar Þór Gestsson
mynd: Feykir.is

ÍÞRÓTTAMENN UMSS FRÁ 1980-2022



1980 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir

1981 María Sævarsdóttir, Tindastóll, sund

1982 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir

1983 Ragna Hjartardóttir, Tindastóll, sund

1984 Gunnar Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir

1985 Friðrik Steinsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1986 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1987 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1988 Lilja María Snorradóttir, Tindastóll, sund

1989 Eyjólfur Sverrisson, Tindastóll, knattspyrna

1990 Helgi Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir

1991 Valur Ingimundarson, Tindastóll, körfubolti

1992 Sveinn Margeirsson, Smári, frjálsar íþróttir

1993 Inga Dóra Magnúsdóttir, Tindastóll, knattspyrna

1994 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1995 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1996 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1997 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1998 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

1999 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2000 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2001 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2002 Sveinn Margeirsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2004 Björn Jónsson, Stígandi, hestaíþróttir

2005 Svavar Atli Birgisson, Tindastóll, körfubolti

2006 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir

2007 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir

2008 Bjarki Már Árnason, Tindastóll, knattspyrna

2009 Bjarni Jónasson, Léttfeti, hestaíþróttir

2010 Gauti Ásbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2011 Elvar Einarsson, Stígandi, hestaíþróttir

2012 Mette Camilla Moe Mannseth, Léttfeti, hestaíþróttir

2013 Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2014 Baldur Haraldsson, Bílklúbbur Skagafjarðar, akstursíþróttir

2015 Þórunn Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2016 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti

2017 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2018 Þórunn Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2019 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2020 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2021 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2022 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti

Tilnefningar:



Karlasveit GSS
Golfklúbbur Sauðárkróks
mynd: www.feykir.is



Meistaraflokkur kvenna
Knattspyrnudeild Tindastóls
mynd: www.feykir.is



Meistaraflokkur karla
Körfuknattleiksdeild Tindastóls
mynd: Körfuknattleiksdeild Tindastóls facebook



ÞJÁLFARI UMSS 2022


Tilnefningar:




Annika Noack
Tindastóll Júdódeild
Mynd: Júdódeild Tindastóls



Atli Freyr Rafnsson
Golfklúbbur Skagafjarðar
Mynd: GSS



Ásta Margrét Einarsson
Tindastóll frjálisþróttadeild
mynd FLIKR síðu FRÍ




Baldur Þór Ragnarsson



Helgi Freyr Margeirsson
UMF Tindastóll körfuknattleiksdeild
Myndir: körfuknattleiksdeild Tindastóls




Svavar Atli Birgisson



Halldór Jón Sigurðsson
Tindastóll knattspyrnudeild
mynd Feykir.is



Helgi Jóhannesson
UMF Tindastóll badmintondeild
mynd mbl.is



Jóhanna Heiða Friðriksdóttir
Hestamannafélagið Skagfirðingu
mynd facebook



ÞJÁLFARAR ársins UMSS

Körfuknattleiksdeild Tindastóls

Baldur Þór Ragnarsson

Helgi Freyr Margeirsson

Svavar Atli Birgisson

LIÐ ársins UMSS


Meistaraflokkur karla

körfuknattleiksdeild

Tindastóls

Þetta öfluga þríeyki; Baldur Þór, Helgi Freyr og Svavar Atli, stýrðu liði meistaraflokks karla í körfubolta í gegnum fordæmalaus tíma, mikinn mótbyr en líka magnaða samstöðu og skrifuðu nýjan kafla í skagfirsku körfuboltasögu. Liðið náði undir þeirra stjórn besta árangri sem Tindastóll hefur náð.

Lið meistaraflokks karla í körfubolta náði sínum besta árangri tímabilið 2021-2022, þegar liðið spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn í magnaðri úrslitaseríu þar sem oddaleik þurfti til að knýja fram úrslitin. Tímabilið einkenndist af miklum ólgusjó, bæði miklum mótbyr en líka magnaðri samstöðu og ótrúlega öflugri liðsheild sem náði bæði til liðs, þjálfara, sjálfbóðaliða, stuðningsmannasveitar og ekki síst annarra áhorfenda. Óhætt er að segja að liðið hafi sem heild heillað landsmenn og eignast marga nýja aðdáendur um land allt.



H VATNINGARVERÐLAUN UMSS 2022



Alexander Leó Sigurjónsson

Björn Austdal Sólbergsson

Bríet Bergdís Stefánsdóttir

Dagbjört Sísí Einarsdóttir

Efemía Ösp Rúnarsdóttir

Einar Í. Sigurpálsson

Emma Katrín Helgadóttir

Fanney María Stefánsdóttir

Fjóla Indíana Sólbergdóttir

Freyr Hugi Herbergsson

Dagbjört Sísí Einarsdóttir

Greta Berglind Jakobsdóttir

Hafþór Ingi Brynjólfsson

Halldór Stefánsson

Hilmar Örn Helgason

Hulda Pórey Halldórsdóttir

Jo Althea Sandoval Mertola

Markús Máni Gröndal

Lára Sigurðardóttir

Valgerður Rakel Rúnarsdóttir

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Ungmennafélagið Neisti

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Golfklúbbur Skagafjarðar

Ungmennafélagið Tindastóll Frjálsíþróttadeild

Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Ungmennafélagið Tindastóll Badmintondeild

Ungmennafélagið Tindastóll Körfuknattleiksdeild

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Ungmennafélagið Tindastóll Júðódeild

Golfklúbbur Skagafjarðar

Ungmennafélagið Neisti

Ungmennafélagið Tindastóll Frjálsíþróttadeild

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild

Ungmennafélagið Tindastóll Knattspyrnudeild

Ungmennafélagið Tindastóll Júðódeild

Golfklúbbur Skagafjarðar

Ungmennafélagið Tindastóll Skíðadeild

Ungmennafélagið Neisti

Frjálsíþróttaráð UMSS ársskýrsla 2022



Í frjálsíþróttaráði UMSS 2021 sitja Sigurður Arnar Björnsson, Sigurlína Einarsdóttir, Kolbrún Þórðardóttir, Þórunn Eyjólfssdóttir og Thelma Knútsdóttir (starfsmaður).

Innanhússmeistaramótin á liðnu ári voru öll haldin á Reykjavíkursvæðinu. Þátttaka UMSS í mótunum var mjög góð. ágæt. Covid 19 setti mark sitt á starf frjálsíþróttaráðs vorið 2022 og mótin færðust fram á vor og einhverjum þeirra var aflýst.

Keppendur okkar unnu til ýmissa afreka á árinu. Óhætt er að segja að þeir hafi náð góðum árangri hver á sínu sviði og fjölmargar og góðar bætingar urðu á árinu. Keppendur UMSS unnu 40 Íslandsmeistaratitla árið 2022 á Meistaramótum öldunga. Í MÍ 11-14 ára unnust 2 innanhúss og 1 utanhúss Íslandsmeistaratitlar, MÍ 15-22 ára unnust 2 Íslandsmeistaratitlar utanhúss og í MÍ aðalhluta komu 2 Íslandsmeistaratitlar innanhúss.

Eitt mót af stærri gerðinni, MÍ - öldunga, var haldið hér á Sauðárkróksvelli og áttum við fulltrúa þar, bæði meðal keppenda og starfsfólk og tókst það með miklum ágætum. Unnu 3 keppendur á vegum UMSS til 35 verðlauna. Við héldum nokkur minni mót fyrir iðkendur okkar og auk þess héldum við Páska og Jólámót UMSS. Við eigum tvo fulltrúa í ár í Landsliðshóp FRÍ, Ísak Óla Traustason og Stefáníu Hermannsdóttir.

Ný héraðsmet sett á árinu 2022

Stefanía Hermannsdóttir, Spjót kast 41,75m 18-19 ára

Íslandsmeistaratitlar 2022

Andrea Maya Chirikadzi, MÍ 15-22 ára,

- Sleggjukast (18-19 ára)
- Kringlukast (18-19)

Ísak Hrafn Jóhannsson, MÍ 11-14 ára

- 600m og kúluvarp (11 ára, innanhúss)
- 400m (11 ára, utanhúss)

Ísak Óli Traustason, MÍ aðalhluti

- 60 m grindahlaupi og fjölþraut- innanhúss.

Karl Lúðvíksson, MÍ öldunga

- 100m, 100m grind, hástökk, stangarstökk, langstökk, þristökk og spjót kast (70-74 ára, utanhúss)
- 60m, 60m grind, hástökk, langstökk, þristökk og stangarstökk (70-74 ára, innanhúss)

Linda Björk Valbjörnsdóttir, MÍ öldunga

- 100m, 200m, 400m, 800m, hástökk, langstökk, þristökk, kúluvarp, kringlukast, spjót kast, sleggjukast og lóðkast (30-34 ára, utanhúss).

Vignir Gunnarsson, MÍ öldunga

- 100m, 200m, 400m, 800m 1500m, 3000m, 110m grind, hástökk, stangarstökk, langstökk, þristökk, kúluvarp, kringlukast, sleggjukast spjót kast og lóðkast (30-34 ára, utanhúss)
- 11 ára strákar Íslandsmeistarar utanhúss í stigakeppni FRÍ
- Aron Samúelsson, Birkir Heiðberg Jónsson, Ísak Hrafn Jóhannsson og Sigmar Þorri Jóhannsson

Stórmót framundan hjá frjálsíþróttaráði UMSS

2023 – Unglingalandsmót UMFÍ

2025 – MÍ aðalhluti

2026 – MÍ fjölþraut og 10.000 m

2027 - MÍ öldunga

2028 – MÍ 11-14 ára

2029 – Bikarkeppni FRÍ

Frjálsíþróttaráð UMSS



ÍSLANDSMEISTARAR ÖLDUNGA

35 titlar utanhúss og 6 titlar innanhúss

Karl Lúðvíksson (1951)

6 Íslandsmeistaratiltlar innanhúss

7 Íslandsmeistaratiltlar utanhúss



Linda Björk Valtýsdóttir (1992)

12 Íslandsmeistaratiltlar



Vignir Gunnarsson (1992)

16 Íslandsmeistaratiltlar utanhúss





ÁRSKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA UMSS 2022



BÍLAKLÚBBUR SKAGAFJARÐAR

Starfsemi Bílklúbbs Skagafjarðar var á árinu 2022 með svipuðu sniði og verið hafði undanfarin ár. Meginþungi starfseminnar hefur falist í að standa fyrir keppni í Íslandsmeistaramótinu í rallakstri. Keppni Bílklúbbs Skagafjarðar er að jafnaði sú þriðja í röðinni í Íslandsmeistaramótinu af þeim fimm sem haldnar eru ár hvert og spennan í mótinu því oftast í algleymingi þegar keppt er í Skagafirði.

Ljómarallý í Skagafirði fór fram 22. – 23. júlí 2022. Að þessu sinni mættu keppendur til leiks í Varmahlíð þar sem þeir færðu keppnistæki sín til skoðunar við Vélavala á föstudeginum 22. júlí. Þaðan var svo keppnin ræst morguninn eftir. Alls mættu 11 áhafnir til leiks. Heldur færri en undanfarin ár. Vísbendingar eru um að keppendum taki að fjölga á ný þar sem ungir keppendur sem keppt hafa í rallýkrossi, hyggjast spreyta sig við rallakstur í ár. Nýliðun og fjölgun keppenda er fagnaðarefni þar sem slíkt styrkir afkomumöguleika keppnishaldara og greinina í heild.

Eknar voru sérleiðir um Mælifellsdal og Vesturdal. Að loknum sérleiðaakstri var haldið í endamark í Varmahlíð. Sigurvegarar keppinnar urðu systkynin Daníel og Ásta Sigurðarbörn, í öðru sæti urðu ríkjandi Íslandsmeistarar Gunnar Karl Jóhannesson og Ísak Guðjónsson og í þriðja sæti urðu Sigurður Bragi Guðmundsson og Valgarður Davíðsson. Óskar Sólmundarson og Garður Gunnarsson urðu hlutskarpastir í AB varahlutaflokk. Sá flokkur er í raun sjálfstætt bikarmót sem ekið er samhliða Íslandsmeistaramótinu og hýsir aflminni ökutæki. Ein áhöfn tók þátt frá Bílklúbbi Skagafjarðar en varð frá að hverfa vegna bilunar í hjólabúnaði ökutækisins.

Verðlaunaafhending frá fram í Miðgarði að kvöldi keppnisdags. Keppnin var vel auglýst sem Ljómarallý í Skagafirði og um hana fjallaði í útvarpi, blöðum, sjónvarpi og á samfélagsmiðlum. 30-40 sjálfboðaliðar tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd keppinnar á ýmsum stigum. Bílklúbbur Skagafjarðar þakkar öllu starfsfólki fyrir framlagið sem og þeim fyrirtækjum og félögum sem lögðu keppnishaldinu lið.

Auk hins árlega keppnishalds hafa félagar í Bílklúbbi Skagafjarðar aðstoðað við keppnishald annarra akstursíþróttafélaga og starfað á vettvangi félagsstarfs Akstursíþróttasambands Íslands. Nokkrir félagsmenn sóttu námskeið í keppnihaldi og dómgæslu vorið 2022. Þá hefur formaður einnig setið í keppnisráði í ralli. Starfrækt eru sérstök keppnisráð fyrir hverja grein þar sem unnið er með reglur, breytingar á þeim og önnur hagsmunamál viðkomandi keppnisgreinar.

Vænta má þess að starfsemi félagsins á árinu 2023 verði með sambærilegum hætti og var á síðasta ári. Íslandsmeistarakeppni Bílklúbbsins er á keppnisalmanaki þann 28. – 29. júlí nk.

f. h. Bílklúbbs Skagafjarðar
Baldur Haraldsson, formaður.



Ljóna Rallý 2022

23/07/2022

Staðan eftir allar eknar leiðir.

#	Áhöfn	Bíll	Flokkur	Heildartími	Refsing	Í fyrsta	Í næsta	Mælifell	Mælifell	Mælifell	Mælifell	Vesturd.	Vesturd
1	Daníel / Ásta	Skoda S2000	A	01:08:58	00:00:00	---	---	00:13:43	00:14:04	00:14:08	00:14:19	00:06:27	00:06:17
2	Gunnar Karl / Ísak	Subaru Impreza	A	01:09:14	00:00:00	00:00:16	00:00:16	00:14:11	00:14:14	00:14:00	00:14:02	00:06:29	00:06:18
3	Sigurður Bragi / Valgarður	MMC Lancer Evo X	A	01:15:22	00:00:00	00:06:24	00:06:08	00:15:22	00:15:21	00:14:51	00:15:37	00:07:13	00:06:58
4	Óskar / Garður	Subaru Impreza	AB	01:17:56	00:00:00	00:08:58	00:02:34	00:16:36	00:15:57	00:15:42	00:15:41	00:07:10	00:06:50
5	Guðni / Daniel Victor	Subaru Impreza	AB	01:18:00	00:00:00	00:09:02	00:00:04	00:15:56	00:16:04	00:16:04	00:15:40	00:07:19	00:06:57
6	Birgir / Daníel	Subaru Impreza	AB	01:19:54	00:00:00	00:10:56	00:01:54	00:16:15	00:16:21	00:16:21	00:16:18	00:07:28	00:07:11
7	Sigurður / Bergþóra	MMC Lancer Evo V	B	01:23:17	00:00:00	00:14:19	00:03:23	00:14:40	00:14:43	00:23:31	00:16:57	00:06:52	00:06:34
8	Sigurjón / Brynjar	Jeep	J	01:26:28	00:00:00	00:17:30	00:03:11	00:18:25	00:17:33	00:17:45	00:17:32	00:07:49	00:07:24
9	Halldór / Guðbrandur	Subaru Impreza	AB	01:39:58	00:00:00	00:31:00	00:13:30	00:19:51	00:23:34	00:19:45	00:19:41	00:08:24	00:08:43
	Baldur / Katrín	Subaru Impreza	A	00:14:53	00:00:00			00:14:53	Brotinn spindill				
	Jósef / Sævar	MMC Lancer Evo VI	B	00:34:00	00:00:00			00:15:23	00:18:37	Hætti keppni			



Golfklúbbur Skagafjarðar

Stjórn Golfklúbbs Skagafjarðar árið 2022 skipuðu: Sigríður Svavarsdóttir formaður, Helga Jónína Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason ritari, Aldís Hilmarsdóttir formaður mótanefndar, Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar, Dagbjört Rós Hermundsdóttir formaður nýliðanefndar og Sylvía Dögg Gunnarsdóttir formaður barnaog unglinganefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason.

Golfárið 2022 var gott, félagsmönnum fjölgaði örlítið og við fengum mikið af gestum sem spiluðu völlinn og létu vel af honum og voru hæstánægðir. Danir komu annað árið í röð og spiluðu völlinn og voru himinsælir.

Golf er mikilvægt fyrir Skagfirðinga. Í fyrsta lagi fer fram öflugt barna- og unglingastarf í klúbbum, í öðru lagi hentar golf sem áhugamál, félagsskapur og heilsubót fyrir fólki á öllum aldri og síðast en ekki síst er golf hluti af ferðamennsku og kylfingar heimsækja Skagafjörð gagngert til þess að spila golf.

Gott orð fer af vellinum og nú þegar er komin ósk um að halda framhaldsskólamót 23. september 2023.

Félagar GSS með fulla aðild voru 252 talsins samkvæmt félagatali í lok nóvember 2021, en hafði þá fjölgað úr 203 félögum árið áður. Í ár eru félagar 254, 140 karlar og 114 konur. Þetta er ekki alveg eins mikil fjölgun og milli ára árið áður, þó voru nýliðanámskeiðin vel sótt og tókust mjög vel eins og alltaf.

Reksturinn gekk vel. Helstu tækjakaup voru bifreið og gatari fyrir flatirnar.

Þjálfun

Við erum mjög vel sett með þjálfara. Nýliðar fengu góða tilsögn frá Árnýju, Atla Frey og Hákonni. Unga kynslóðin var í góðum höndum Atla Freys og aðstoðarþjálfaranna Tómasar og Unu Karenar. Golfklúbbur Skagafjarðar og Atli Freyr Rafnsson gerðu með sér samning um golfkennslu hjá Golfklúbbi Skagafjarðar tímabilið 1.

janúar 2023 til 31. desember 2026. Atli Freyr byrjaði í PGA námi haustið 2022 og er það nám 6 annir (eða 3 ár) og mun Golfklúbburinn og Golfsamband Íslands styrkja hann til námsins. Afar gleðilegt er að vera búin að tryggja kennara til svo langs tíma.

Skálinn

Golfskálinn er félagsaðstaða GSS og afdrep fyrir börn og unglinga milli æfinga. Í skálanum koma kylfingar saman þegar mót eru haldin. Sjoppan var opin í sumar kl. 10:00 – 18:00 að jafnaði. Opnunartími var lengri þá daga sem mót voru haldin.

Tiltektardagar

Hreinsunardagur Fisk seafood var 7. maí sem var frábært framtak, þar tóku 25 manns á vegum Golfklúbbsins þátt og var það fjáröflun fyrir klúbbinn í leiðinni. Var þetta vel heppnað, góð útivera, samvera og veitingar í lokin. 2 tiltektardagar voru líka á golfvællinum og í skálanum. Fyrri daginn var skálinn þrífinn, snyrt kringum hellurnar og málað. Seinni daginn var gengið um völlinn og tínt upp rusl og greinar og kylfugeymslan ryksuguð. Eftir það var haldið tiltektarmót, texas scramble, með veglegum vinningum og fjölda útdráttarvinninga.

Aðsókn á völlinn

Völlurinn var vel sóttur í sumar. Bókaðir hringir voru 3775 talsins á tímabilinu maí – október. Þar af áttu félagsmenn í GSS 3036 hringi eða 80%. Af öðrum klúbbum átti Golfklúbbur Reykjavíkur flesta bókaða hringi eða 132 talsins. Næstir komu GKG með 121, GA með 76 og GM með 62, GO með 60 hringi. Alls voru gestir frá 37 golfklúbbum. Þetta eru talsvert færri hringir en árið á undan en það var metár þar sem allir golfarar voru á Íslandi vegna Covid 19 faraldurs og ferðuðust innanlands og spiluðu golf.

Golfdagurinn á Norðurlandi

Golfklúbbur Skagafjarðar var valinn af GSÍ til að halda kynningardag, „Golfdaginn 2022“ í samstarfi við KPMG og PGA sem hluta af útbreiðslu GSÍ 2022. Þarna var dagskrá fyrir alla

fjölskylduna, farið í léttu og skemmtilega leiki fyrir alla og grill fyrir þátttakendur. Á sama degi var framtíðar leiðbeinendum golfklúbba boðin aðstoð PGA kennara við það að kenna byrjendum grunnatriðin. Dagurinn tókst vel og var í umsjá Brynjars Eldon.

Lið ársins

Á 102. Ársþingi UMSS sem haldið var 12. mars 2022, hlaut kvennasveit Golfklúbbs Skagafjarðar titilinn lið ársins. Liðið mætti og tók við verðlaunum. Framtíðin er björt. Golf nýtur mikilla vinsælda á Íslandi með næstflesta iðkendur samkvæmt tölum frá ÍSí. Golfið hefur sannað gildi sitt sem heilsubót og fjölskylduþrótt sem hentar fólki á öllum aldri. Mörg tækifæri eru í golfferðamennsku fyrir GSS og Skagafjörð.

Í desember 2022 tók við ný stjórn

Formaður: Róbert Óttarsson,

Varaformaður: Helga Jónína Guðmundsdóttir

Ritari: Andri Þór Árnason

Gjaldkeri: Kristján Eggert Jónasson

Aðrir í stjórn:

Aldís Hilmarsdóttir, formaður mótanefndar,

Guðmundur Ágúst Guðmundsson, formaður vallarnefndar

Dagbjört Hermundsdóttir, formaður kynningar- og nýliðanefndar,

Unnur Ólöf Halldórsdóttir, formaður barna- og unglinganefndar

Róbert Óttarsson

Formaður GSS





HLÍÐARENDI

Golfklúbbur Skagafjarðar

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Hestamannafélagið Skagfirðingur stóð fyrir öflugum og góðu félagsstarfi á árinu 2022. Stjórn hittist reglulega og byrjaði árið hjá stjórn á fundi á Blönduósi þar sem hestamannafélögin í kring hittu stjórnarmeðlimi Landssambands hestamanna.

Veturinn fór vel af stað hvað varðar mótahald þar sem Skagfirska mótarið var vel sótt og góð þátttaka í öllum flokkum, það má því segja að liðakeppnin hafi tekist vel til. Kvennatölt Líflands var á sínum stað um páskana og margir félagsmenn kepptu í Meistaradeild KS.

Reiðhallarsýningin “Tekið til kostanna” var haldin í Svaðastaðahöllinni samhliða skeiðmóti Meistaradeildar KS, átján konur æfðu stíft í töltgrúppunni yfir veturinn sem endaði á sýningaratriði á Tekið til kostanna. Tvöföld úrtaka Skagfirðings fyrir Landsmót var haldin í júní og átti félagið frábæra fulltrúa bæði á Landsmóti og Íslandsmóti á Hellu í júlí.

Minni mót hér heima í héraði voru mörg á árinu og ber fyrst að nefna hið árlega UMSS mót sem var haldið í maí að Hólum í Hjaltadal, Félagsmót, firmakeppni sem og skeiðleikar og voru þau öll afar vel sótt af félagsmönnum. Reiðhallarsýning var haldin samhliða Laufskálarétt þar sem um 700 manns mættu og skemmtu sér vel.

Fræðslunefnd Skagfirðings hefur verið virk og í vetur var haldið námskeið með Finnboga Bjarnasyni, skeiðnámskeið með Bjarna Jónassyni, Elvari Einarssyni og Daníeli Gunnarssyni en þessi námskeið voru vel sótt og gaman að sjá hvað skeið áhugi félagsmanna er að aukast. Einnig voru fyrirlestrar á vegum fræðslunefndar í Tjarnarbæ með Víkingi Gunnarssyni og Guðrúnu Stefánsdóttir um áhrif þyngdar knapa á álag og hreyfingar hestsins, Merle Storm & Kristjáni Elvari.

Æskulýðsdeild Skagfirðings er gríðarlega öflug og má þar þakka kröftugum félagsmönnum og nefndarfólki sem að því standa.

Mörg námskeið eru í boði hjá félaginu en vikustarf er kennt tvisvar í viku fyrir krakka 10 ára og eldri, helgarstarf er kennt á laugardögum ætlað fyrir krakka yngri en 10 ára og keppnisþjálfun er einu sinni í viku sem skiptist í einkatíma og bóklega tíma. Ásetu- og jafnvægisnámskeið var í boði í haust en það er þriggja daga námskeið þar sem deildin sér um að útvega hesta og reiðtygi. Reiðnámskeið eru einnig í boði á Varmalæk þar sem Skagfirðingur er í samstarfi við Jóhönnu Heiðu reiðkennara á Varmalæk. Æskulýðsdagur Skagfirðings var haldinn 24.apríl þar sem krakkarnir sýndu m.a. hindrunarstökk og fimleika, riðu skrautreið með kennurunum sínum og svo var þrautabraut með valkvæðri tímatöku sem var mjög vinsæl.

Nokkur uppbygging var á keppnissvæði félagsins á Sauðárkróki og var lagður ljósleiðari bæði inn í Tjarnarbæ sem og í Reiðhöllina Svaðastaði. Settar voru þökur á manirnar við völlinn, ný innkoma að skammhlið vallar og nú stendur til að koma rafmagni yfir völlinn svo hægt sé að hafa dómara með spjaldtölvur til móts við áhorfendur (sunnan við völlinn). FISK Seafood boðaði til Umhverfis dags í Skagfirði 7.maí og var ágæt mæting frá félagsmönnum Skagfirðings.

Árshátíð Skagfirðings var haldin í október þar sem knapar ársins voru verðlaunaðir í hverjum flokki en í nokkur ár hefur félagið verðlaunað félagsmann ársins, en það er sá félagsmaður sem hefur að óeigingirni og dugnaði verið boðinn og búinn til að sinna hinum ýmsu störfum og tekið þátt í félagsstarfinu að mikilli jákvæðni svo eftir er tekið. Manneskjan okkar árið 2022 er Heiðrún Ósk Jakóbínudóttir. Hestamannafélagið Skagfirðingur er afar öflugt félag þar sem félagsmenn eru ósérhlífir við að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu félagsins sem og hjálpa til við viðburði og viljum við hér með þakka þessu duglega fólki kærlega fyrir alla hjálpinu á árinu sem og liðnum árum.

f.h stjórnar Hestamannafélagsins Skagfirðings,

Elvar Einarsson, formaður





Íþróttafélagið Gróska



Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist



Skýrsla aðildarfélags hefur ekki borist

Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Aðalfundur félagsins var haldinn 1. júní 2022. Engar breytingar urðu á stjórninni að þessu sinni, en hún er þannig skipuð: Sarah R Holzem formaður, Sigurlína Einarsdóttir ritari, Sigríður Fjóra Viktorsdóttir gjaldkeri, Helga Rós Sigfúsdóttir, Sif Kerger, Anna Lilja Guðmundsdóttir og Sigurður Jóhannsson meðstjórnendur.

Anna Lilja Guðmundsdóttir tók við sem staðgengill formanns 6. desember 2022

Fimleikar:

Eins og seinustu ár var boðið upp á fimleikaæfingar fyrir 1.-4. og 5.-10. bekk og er mjög góð þátttaka sérstaklega hjá yngri bekkjum.

Körfubolti:

Boðið var upp á körfubolta allt árið, í sumar fóru fram æfingar 2x í viku í íþróttahúsinu, og á skólaárinu nýtum við okkur aðstöðu íþróttahússins. Fyrir vor- og haust æfingarnar fengum við þjálfara í samstarfi við Tindastól. Margir iðkendur Smára í körfubolta hafa verið að fara á mót og spila leiki með Tindastóli. Gott samstarf er á milli deilda og fengum við heimsókn frá leikmönnum meistaraflokks Tindastóls í vetur sem vakti mikla lukku.

Fótbolti:

Góð þátttaka er á fótboltaæfingum allt árið og er boðið upp á æfinga fyrir 8.-3. flokk á sumrin og 7.-3. flokk á skólaárinu. 4 lið tóku þátt á Smábæjarleikum, eitt lið á Króksmót ásamt sameiginlegu liði Tindastóls og Smára og 2 lið tóku þátt í Curio móti á Húsavík og annað þeirra var sameiginlegt lið Smára og Neista. Nokkrir iðkendur hafa fengið að keppa með liði Tindastóls, ef ekki náðist í lið hjá okkur en áhugi var fyrir að keppa. Þökkum við barna- og unglingadeild Tindastóls fyrir að gefa iðkendum okkar þann möguleika.

Frjálsar íþróttir:

Áhugi á frjálsíþróttum er stöðugt að aukast og var bætt við æfingum 2x í viku í sumar fyrir yngri aldurshóp. Eftir velgengni sumarsins var ákveðin að halda æfingum fyrir yngri hóp líka áfram 1x í viku á skólaárinu, fram að áramótum. Keppendur frá Smára keppa undir merkjum UMSS og fóru iðkendur okkar á

nokkur mót á árinu (Sumarleikar HSB, Minningarmót Ólivers, Jólámót UMSS, Akureyrarmót UFA/Norðlenska ofl.). Bundnar eru vonir við að frjálsíþróttaaðstaða á vellinum í Varmahlíð verði bætt næstu árin með hliðsjón af heildarmynd svæðisins.

Bandí:

Bandíæfingar hafa verið 1x í viku í vetur og rosalega vel sótt af iðkendum 12-16 ára og mikill áhugi, miðað við þátttöku þá væri áhugi á aukaæfingum.

Leikjanámskeið:

Eins og síðustu ár var boðið upp á leikjanámskeið í júní fyrir börn 6-12 ára og voru á milli 40 og 50 börn skráð sem var alveg frábær þátttaka.

Yfir 80% nemenda Varmahlíðarskóla sækja æfingar á vegum Smára. Auk barna- og unglingastarfs hefur góð mæting verið á æfingar sem í boði eru fyrir 16 ára og eldri - Körfubolta, Fótbolta, Stöðvápjálfun og Smárafit, en Smárafit eru nýjar æfingar sem boðið var upp á frá september, þær æfingar hafa verið vel sóttar og mikill áhugi á fleiri æfingum, hugmyndir eru um morgunæfingar og jafn vel úti æfingar með vorinu. Í lok sumars 2021 byrjuðu framkvæmdir á Varmahlíðarvelli á vegum sveitarfélags Skagafjarðar. Farið var aðallega í að dreina vestari hluta vallarins. Þá stendur til að laga til aðstöðu fyrir kastgreinar. Haustið 2022 var komið upp nýju aðstöðuhúsi við fyrri byggingu á vellinum sem verður góð viðbót með salernisaðstöðu og á milli húsana verður skýli með bekkjum, vöskum og snögum. Viljum við þakka Skagafirði fyrir áframhaldandi stuðning og uppbygging íþróttastarfs á svæðinu. Stjórn Smára vill þakka Fisk Seafood fyrir að koma af stað Umhverfisdögum í samstarfi við Smára og styrkja iðkendur okkar sem tóku þátt í því verkefni með veglegum styrk. Þátttaka var framar öllum vonum og er virkilega ánægjulegt hvað samfélaginu er annt um íþróttafélagið sitt.

Þau Halldór Stefánsson og Bríet Bergdís Stefánsdóttir voru tilnefnd sem ungt og efnilegt íþróttafólk Smára 2022.

Stjórn Ungmenna- og íþróttafélagsins Smára





UMHVERFISDAGAR FISK Seafood MAÍ 2022

Ungmenna og Íþróttafélagið SMÁRI

Ungmennafélagið Hjalti

Í stjórn félagsins sitja
Formaður: Katharina Sommermeier
Ritari: Christine Hellwig
Gjaldkeri: María Einarsdóttir

Loksins var hægt að halda Páskaeggjapingó með eðlilegu hætti og var gleðin mikil við að hittast og eiga góða stund saman. Við höldum þessa fjölskylduskemmtun í mars 2022.

Fastur liður í skipulagi UMF Hjalta er leikjánaðmskeið fyrir börn á aldrinum 5 til 12 ára sem haldið er allan júní á hverju ári og stendur allan mánuðinn. Lögð er áhersla á útivist og hreyfingu, gönguferðir, ýmis konar íþróttæfingar, smíðavelli, tálgun, skipulagða leiki, hjólræðar og fleira. Á námskeiðið mættu til leikja og starfa 32 glaðir krakkar.

Í júní og júlí mættu kátir krakkar á æfingar í frjálsum íþróttum á grasvellið við Grunnskólann á Hólum. Sveinbjörn Óli Svavarsson þjálfaði krakkana, sem skipt var í tvo aldurshópa, einu sinni á viku og eigum við von á að þetta frábæra samstarf verður til framtíðar.

Árlegur viðburður í starfi UMF Hjalta er Byrðuhlaup á Þjóðhátíðardaginn, þar sem er einnig farið í skróðgöngu, sprell og leiki við Grunnskólann á Hólum.

Fyrir blakdeildina Krækjurnar var árið 2022 óvenjulegt eins og síðustu tvö ár þar á undan vegna heimsfaraldurs og var því ekki mikið um leiki eða mót. Krækjur tóku þó þátt í Íslandsmóti BLÍ og spiluðu í 2. deild tímabilið 2021-2022 eins og síðastliðin ár. Íslandsmótið í 2. deild er spilað á þremur helgum, ein umferð á milli 12 liða + efri og neðri úrslit. Fyrstu sex leikirnir voru spilaðir 6.-7. nóvember 2021 á Álfanesi og síðustu fimm leikirnir 26.-27. febrúar 2022 á Siglufirði. Eftir umferðina var liðið í 3. sæti með 8 sigurleiki eða 24 stig. Eftu sex liðin spiluðu sín á milli til úrslita í 2. deild á Siglufirði 26. – 27. mars 2022 og þar endaði liðið í 2. sæti á eftir gestgjöfunum í BF.

Lið Krækja á Íslandsmótinu var skipað Áslaugu Helgu Jóhannsdóttur, Elsche Oda Apel, Guðrúnu Vigdís Jónasdóttur, Helgu Fanneyju Salmannsdóttur, Írisi Sveinbjörnsdóttur, Söndru Hilmarsdóttur, Sigurlaugu Hrönn Valgarðsdóttur, Unu Aldísi Sigurðardóttur, Völu Hrönn Margeirsdóttur og Valdísi Ýr Ólafsdóttur. Krækjur spila áfram í 2. deild á Íslandsmótinu 2022-2023, en fyrstu sex leikirnir voru spilaðir í Laugardalshöll í nóvember sl. og náði liðið í 4 sigra þar.

Krækjur fóru með tvö lið á Öldungamót BLÍ sem haldið var í Kópavogi 28.- 30. apríl 2022 en mótið er einskonar árshátíð blakara 30 ára og eldri. Mótið hafði ekki verið haldið síðan 2019 svo stemningin og gleðin var mikil á mótinu. Krækjur A spiluðu í 1. deild og enduðu í 5. sæti og Krækjur B spiluðu í 7. deild A og enduðu einnig í 5. sæti.



Kveðja,
Rina Sommermeier formaður



BYRÐUHLAUP 17. JÚNÍ 2022.

Ungmennafélagið Hjalti

Ungmennafélagið Neisti

Eins og undanfarin ár var uppstaðan í starfinu knattspyrna yngri flokka og júdó ásamt starfi sem því tengist, fjáröflunum og skipulagningu.

Knattspyrna yngri flokka var stunduð af áframhaldandi dugnaði og elju og voru nú engar takmarkanir á mótahaldi og æfingum öllum til mikillar gleði. Bjarki Már Árnason, sem verið hafði yfirþjálfari í 16 ár, lét af störfum á miðju ári og þakkar stjórn félagsins honum fyrir frábært og fórnfúst starf þessi ár. Eftir að Bjarki fór sá Arnar Þór Geirsson um þjálfun í smátíma á miðju sumri og svo Ólafur Karlsson það sem eftir lifði árs. Með nýjum mönnum koma nýjar áherslur en áfram eru æfingar stærstan hluta ársins.

Farið var á nokkur mót og keppnir á árinu. Byrjað var á keppnisferð til Varmahlíðar með iðkendur úr 1.- 4. bekk og keppt við Smára. Eins og venjulega er samstarfið við Smára virkilega skemmtilegt enda fjörið aðalmálið í samskiptum þessara vinafélaga.

Helgina 18.-20. mars var farið á Goðamót Þórs með 6.fl og var árangur alveg ásættanlegur enda verulega sterkir andstæðingar.

KA-menn halda hraðmót sem kallast Stefnumót og eru það dagsmót, þar sem lið mæta og spila 4-5 leiki á skömmum tíma. Fyrstir til að taka þátt fyrir hönd Neista þann 2. apríl var 5.fl sem var hársbreidd frá því að komast á verðlaunapall. Næst var komið að 7.fl 30.apríl sem stóð sig einnig vel enda með jákvæðni og skemmtun í farteskinu.

Í júní var leikur á milli foreldra og iðkenda. Neisti bauð svo öllum upp á pizzu í Höfðaborg að leikjum loknum. Þessi dagur var einnig nýttur til að kveðja Bjarka þjálfara Neista til fjölda ára.

Smábæjarleikarnir voru á Blönduósi 18.-19. júní. Neisti fór með stóran hóp á mótið enda er þetta líklega það mót sem hentar best fyrir liðið. Neisti fór með tvö lið, eitt í 6.fl karla og eitt í 6.fl kvenna en að auki voru fjórir leikmenn sem spiluðu í sameiginlegu liði með Smára eða Hvöt í 5.fl.



Eins og undanfarin ár kom Siguróli Kristjánsson frá KSÍ og var með boltaprautir og kennslu. Mæting var góð og er það frábært fyrir lítið lið eins og Neista að fá svona fræðandi kennslu frá KSÍ. Að loknu öllu fjörinu þá fengu allir gjafir frá KSÍ sem slá alltaf í gegn.

N1-mótið á Akureyri fór fram 29.júní - 2.júlí. Neisti var með eitt lið sem gerði sér lítið fyrir og endaði í þriðja sæti og fékk bikar að launum. Leikurinn um bronsið var æsispennandi, og endaði í framlengingu og svo í hádramatískri vítaspyrnukeppni, þar sem Neisti vann.

Króksmótið var á sínum stað í ágúst og var Neisti með lið í 6.fl sem spilaði fjölmarga verulega spennandi leiki. Seinasta mót ársins var í ágústlok á Húsvík þar sem Neisti var með sameiginlegt lið með Smára í 7.fl kvenna. Nokkrir góðir leikir voru spilaðir þar við frábærar aðstæður.

Júdó hélt áfram á árinu en heldur dróg úr áhuga er leið á árið og æfingar hættu alveg í lok árs. Æfingar voru einu sinni í viku og sá Jakob Smári Pálmason um þjálfun.



Umhverfisdagur Fisk Seafood og Neista var í maí og tókst með afbrigðum vel enda þéttbýlið á Hofsósi hreinsað og fegrað sem aldrei fyrr. Sannarlega þarft samstarfsverkefni sem verður vonandi framhald á.

Aðalfundur Neista var á árinu en hann féll niður árið á undan. Málefni fundarins voru fjölmörg enda margt á döfinni eins og endranær. Eftir fundinn sátu í stjórn Margrét Berglind Einarsdóttir formaður og aðrir í stjórn, Guðrún Þorvaldsdóttir, Hjalti Þórðarson, Sigmundur Jóhannesson og Sólrún Þorgilsdóttir. Vallarstjóri var Sigurmon Þórðarson sem sá um að halda vellinum í toppstandi og svæðinu í kring sem snyrtilegustu.

Nokkuð breyttist á árinu 2022 frá árinu á undan. Jólaspilavist á Hlíðarhúsi og Páskabingó í Höfðaborg voru aftur á sínum stað og skiluðu methagnaði. Þá rak Neisti sjoppu á Bæjarhátíðinni í Hofsósi á nýjan leik eftir nokkurra ára hlé. Aðrar og nokkuð fastar fjáraflanir voru sala á fiski, jóla- eldhús- og salernispappír, skil á flöskum og dósam í endurvinnslu og þökuskurður.

Bjarki Már Árnason og Hjalti Þórðarson



Skýrsla aðalstjórnar UMFT hefur ekki borist

**BADMINTONDEILD****BOGFIMIDEILD****FRJÁLSÍPRÓTTADEILD****JÚDÓDEILD**

SKÝRSLA 2022 BADMINTONDEILDAR TINDASTÓLS

Badmintondeild Tindastóls var formlega stofnuð á haustmánuðum 2020 en aðstandendur deildarinnar höfðu þá staðið að æfingum fyrir iðkendur á grunnskólaaldri í tvo vetur. Í stjórn deildarinnar sitja Helgi Jóhannesson sem jafnframt er þjálfari, Freyja Rut Emilsdóttir sem gegnir formannsstöðu og Sigríður Jensdóttir. Afar gott samstarf hefur verið við aðalstjórn Tindastóls, framkvæmdastjóra UMSS og forsvarsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Fyrstu tvö árin fékk deildin tvo tíma í íþróttahúsinu, þriðja veturinn bættist þriðji tíminn við auk þess sem tímarnir voru fyrr að deginum til (kl. 16 í stað kl. 18). Í vetur höfum við haft þrjá velli í tvo tíma, tvisvar í viku.

Sótt var um styrk til Fisk Seafood fyrir kaupum á svokallaðri feeder-vél. Fékkst styrkur fyrir öllum kostnaði - 750þús og var vélin pöntuð á vormánuðum 2022 og kom til landsins haustið 2023. Uppsetning vélarinnar er afar tímafrek en nauðsynlegt er að stilla allar fjarlægðir og forrita allar æfingar. Tafir hafa því orðið á því að tækið hafi verið tekið í notkun en unnið hefur verið að því jöfnum höndum í vetur og standa vonir til að hægt verði að hefja notkun tækisins á allra næstu dögum. Mun tækið stórauka einstaklingsmiðaða þjálfun, einkum afrekskrakka og þeirra sem hafa hug á að taka þátt í keppnum.

Iðkendur Badmintondeildar Tindastóls hafa verið á bilinu 12-16 og eru annars vegar fjörugir og öflugir íþróttakrakkar sem æfa margar íþróttagreinar og vita fátt skemmtilegra en að keppa og hins vegar krakkar sem finna sig síður í keppni í hóp- eða boltaíþróttum en hafa gaman af að spila badminton, hreyfa sig og skemmta sér með vinum og jafnöldrum. Aðstandendur deildarinnar eru meðvitaðir um ólíkar þarfir þessara hópa og miða allt starf við að mæta þeim á fjölbreyttan hátt. Vonir standa til að á næsta starfsári verði hægt að fara með áhugasama iðkendur á fleiri barna- og unglingamót og auk þess að standa fyrir amk einu innanfélagsmóti.

Badmintondeild Tindastóls sendi þátttakendur á öll barna- og unglingamót í A-flokkum sem skráð eru á mótaskrá Badminton sambands Íslands og að auki fór tveir iðkendur og einn þjálfari til Svíþjóðar í september. Stefnt er að keppnisferðum bæði til Færeyja og Danmerkur. Þessar ferðir eru farnar í samstarfi við annars

vegar BH (Badmintonfélag Hafnarfjarðar) og hinsvegar. Einn þátttakandi hefur tekið þátt í æfingabúðum á vegum unglingalandsliðs BSÍ.

Þjálfari Badmintondeildar Tindastóls er hinn reyndi Helgi Jóhannesson. Hann er með þjálfaramenntun 1A frá ÍSí, með BWF/BEC Level 2 þjálfararéttindi frá Alþjóðlega Badminton sambandinu og Talenttræner Level 3 frá Danska Badminton sambandinu. Helgi er reynslumikill þjálfari, hann þjálfaði m.fl. hjá TBR í 3 ár og keppnislið unglinga hjá sama félagi í 7 ár, hann þjálfaði m.fl. hjá bæði BH og ÍA í 1 ár. Hann var unglingalandsliðsþjálfari og aðstoðar A-landsliðsþjálfari 2014-2016. Haustið 2020 tók Helgi við öllum landsliðum Íslands í badmintoni. Undanfarin ár hefur Helgi setið í stjórn BSÍ auk afreks- og landsliðsnefnd en fór úr stjórn til að taka við starfi landsliðsþjálfara. Helgi á að baki farsælan feril sem leikmaður en hann lék 67 A-landsleiki fyrir Íslands hönd, auk þessa á hann 17 Íslandsmeistararitla í badminton. Árið 2022 hlotnaðist Helga sá heiður að vera valinn þjálfari ársins hjá UMSS. Til stendur að senda fleiri aðila á þjálfaranámskeið, einkum unglinga sem æfa hjá félaginu, og hefur verið óskað eftir því hjá BSÍ að halda slíkt námskeið norðan heiða.

Fyrir hönd badmintondeildarinnar,

Freyja Rut Emilsdóttir formaður



SKÝRSLA 2022 BOGFIMIDEILDAR TINDASTÓLS

2022 var nú ekki stór stórt í sniðum.

Bogfimi

Æfingar í bogfimi voru haldnar bæði í Varmahlíð og á Sauðárkróki.

Vetrar æfingar voru misgóðar þar sem enn eymaði af Covid en haust æfingar tóku við sér

Skráning á vetraræfingar var ábótavant vegna Nóri var ekki að virka sem skyldi og Sportabler ekki enn komið inn. Um haust á hófust skráning í gegnum Sportabler. En hægt er að segja að ca 2-4 fullorðnir hafi verið að æfa á einhverjum tímapið 2022 og 25 krakkar 8-13 ára. En við höfum ekki verið ýta krökkum í burtu ef þau hafa verið að koma í mánuð til prófa og svo ekki meir og eða skrá/rukka æfingargjöld þar sem þau eru miðuð við ákveðin tímabil. En enn og aftur þá aftrar aðstöðuleysi meiri fjölgun á æfingartímum sem hentar betur eins og fyrir yngri kynslóðina.

Pílukast.

Pílukast kom sterkt inn hjá okkur og komu 2 aðilar inní stjórn til að halda utan um þann part. Arnar Geir náði frábærum árangri á árinu og talað var um hann sem nýliða ársins í pílukasti en Arnar fór á nokkur mót og var boðið á taka þátt í Úrvaldsdeild á vegum Stöð2 sport þar sem hann komst í úrslitabáttinn. Fullt var á allar æfingar sem haldið var í einkaaðstöðu og þar er það sama skortur á aðstöðuleysi og vegna þessa var ekki hægt að bjóða uppá að fólk gæti komið að prófa.

Í desember var svo ákveðið að pílukastið yrði að sér félagi þar sem að þeir sem sáu pílukastið fannst það betra til framtíðar. En formleg breyting mun svo fara fram á aðalfundi bogfimideildarinnar þar sem pílukast er lagt niður.



Aðstöðuleysi er vanda mál í flestum íþróttagreinum í Skagafirði og fyrir bogfimina sér í lagi tímasetningar æfinga sem gætu hentað betur yngri kynslóðinni.

Fyrir hönd stjórnar Bogfimideildar Tindastóls

Indriði R. Grétarsson, formaður

SKÝRSLA 2022 FRJÁLSÍÞRÓTTAÐEILDAR TINDASTÓLS

Þær breytingar urðu á stjórn Frjálsíþróttadeildar Tindastóls á árinu 2022 að Steinunn Jónsdóttir hætti og inn komu þær Helena Magnúsdóttir og Jóhanna Ey Harðardóttir. Thelma Knútsdóttir var endurkjörin sem formaður og Kolbrún Þórðardóttir sem gjaldkeri. Starf frjálsíþróttadeildar Tindastóls var með nokkuð hefðbundnu sniði þetta ár, þ.e. því sem kalla mátti hefðbundið áður en covidfaraldurinn tók yfir.

Ákveðið var vegna fjölda iðkenda í vor, á aldrinum 6 - 10 ára, að skipta upp æfingum upp í haust þannig að 1. og 2. bekkur hefðu eigin æfingatíma og svo var einnig um 3. og 4. bekk. Einnig fjölgaði í eitthvað í æfingahópi 11 - 14 ára. Fjöldi iðkenda í elsta aldurshópnum hefur verið nokkuð stöðugur undanfarnin ár og var svo einnig á þessu ári. Uppskeruhátíð var haldin í vor þar sem grillaðar voru pylsur og drukinn safi að loknu smá móti. Óhætt er að segja að deildin geti státað sig af flottu íþróttafólki sem spennandi verður að fylgjast með á komandi ári.

Á þessu ári var aðeins eitt af stærri mótum sumarsins haldin á Sauðárkróksvelli, þ.e. Mí öldunga en það var haldið á Sauðárkróki annað árið í röð, dagana 27. - 28. ágúst og heppnaðist það með ágætum. Nokkur minni mót voru haldi í Skagafirði og þrátt fyrir að ekki væri veðrið til mikilla fyrirmynnda kom það ekki í veg fyrir að menn stæðu sig með sóma á þeim og skemmtu sér og öðrum um leið. Til þessara smærri móta má telja Páska- og Jólámót UMSS sem haldið var í Varmahlíð og svo bæði kastmót og stökkmót sem haldin voru á Sauðárkróksvelli.

Fjöldi stórra og smárra móta var í boði, bæði innanlands og utan. Iðkendur okkar duglegir að sækja þessi mót. Miklar og góðar framfarir urðu hjá æfingahópnum okkar og sett voru persónuleg met, héraðsmet, mótsmet og nokkrir Íslandsmeistaratitlar komu í hús.

Sótt var um ýmsa styrki að venju og fengust sumir en aðrir ekki eins og gengur. Deildin fékk þó í sinn hlut ferðastyrk frá ÍSÍ auk þess sem deildin fékk sína árlegu styrki frá Sveitarfélagi Skagafjarðar og Kaupfélagi Skagfirðinga. Við fengum styrk frá Íþróttasjóði upp á

200.000 kr. sem hefur verið notaður til áhaldakaupa, sóttum einnig um styrk fyrir 2023 en fengum neitun. Við fengum styrk frá UMFÍ í haust, í verkefni „Frjálsar“ og þá fyrir verkefni sem er í vinnslu sem lýtur að því að fjölga iðkendum í aldurshópnum 11-18 ára, auk þess fengum við styrk fyrir fræðslu, menntun og útbreiðslu sem við höfum notað í endurmenntun þjálfara okkar. Deildin hefur verið að fjárfesta í ýmsum áhöldum, og á árinu sem leið voru keyptar innanhúss grindur, stangarstökkstangir fyrir yngri iðkendur, innanhúss spjót, sleggjuhanskar og hæðarmálband /stiku fyrir hástökk. Næsta verkefni er að fá nýja hástökkssrá fyrir mótin í sumar.

Blásið var til hátíðar vegna vals á Íþróttamanni Skagafjarðar milli jóla og nýs árs. Deildin sendi inn umfjöllun um tvo fulltrúa í það val, þau Ísak Óla Traustason sem Íþróttamann Skagafjarðar og Ástu Margréti Einarsdóttur sem Þjálfara Skagafjarðar. Að þessu sinni lutu fulltrúar okkar í lægra haldið fyrir öðrum eftir að hafa átt Íþróttamann Skagafjarðar 3 ár í röð. Á þessari hátíð voru einnig afhentir styrkir til íþróttamann á vegum UMSS auk þess sem Hvattingarverðlaun 2022 og frá árunum 2020 og 2021 voru afhent.



Í ár (2023) hafa nú þegar nýir titlar bæst í safnið. Ísak Óli varð Íslandsmeistari í sjöþraut í 5 sinn nú í janúar og í febrúar varð hann Íslandsmeistari í 60 m grindahlaupi innanhúss. Guðni Bent Helgason varð fjölþrautameistari á MÍ 11 - 14 ára í Fjölptraut 11 ára drengja. Auk þess gerði sveit 12 drengja sér lítið fyrir og fengu flest stig í sínum aldurshópi og þar með gullið.

Góður hópur, bæði yngri og eldri iðkenda, hefur tekið stefnuna á Gautaborgarleikana sem haldnir verða í Gautaborg dagana 30. júní - 2. júlí og eru nú þegar farnir að safna sér fyrir ferðinni. Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið á Sauðárkróki í sumar og ekki er efi að þar verður stór hópur frá okkur, sem mun sýna sig og sanna. Að auki má búast við að einhver smærri mót verði haldin á Sauðárkróksvelli og í Varmahlíð að venju, auk annara móta bæði minni og stærri víðsvegar um landi sem iðkendur okkar verða vonandi duglegir að mæta á.

Deildin á einnig tvo fulltrúa í landsliðsvali FRÍ 2023, þau Ísak Óla Traustason og Stefaníu Hermannsdóttur.

Fyrir hönd stjórnar,

Thelma Knútsdóttir, formaður

Aðalfundur Júdódeildar Tindastóls fer fram á morgun 22. mars.



KNATTSPYRNUDEILD
SKÍÐADEILD



KÖRFUKNATTLEIKSDEILD
SUNDDEILD



SKÝRSLA 2022 BARNA OG UNGLINGARÁÐ KNATTSPYRNUDEILDAR TINDASTÓLS

Skýrsla stjórnar

Á síðasta aðalfundi Barna- og unglingaráðs var óskað eftir nýjum meðlimum í stjórn ráðsins. Þáverandi stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Hins vegar bárust engin framboð í stjórn og sat fyrri stjórn því áfram. Í stjórn eru Haukur Skúlason, Íris Elefssen, Guðbjörg Óskarsdóttir, Sigprúður Jóna Harðardóttir, Jóhann Sigmarsson og þá kom Erna Nielsen inn í stjórn vorið 2022.

Stjórn hefur haldið áfram vinnu við þá uppbyggingu sem stefnt var að en ljóst er að mikil vinna er enn fyrir höndum.

Árið 2022 var loks hægt að halda bæði sumarmót knattspyrnudeildar Tindastóls. ÓB-mót stúlkna var vel sótt en enn er rými til stækkunar á Króksmótinu. Góður hópur hefur staðið að mótunum og gert það að verkum að hægt hefur verið að halda mótin en ljóst er að frekari aðkoma sjálfbóðaliða er nauðsynleg.

Foreldraráð hvers flokks fyrir sig sáu um uppskeruhátíðir í lok sumars og teljum við að það fyrirkomulag henti vel.

Yfirþjálfari hefur unnið að því í samstarfi við BUR að styrkja þjálfarahópinn og þarf sú vinna að halda áfram og koma góðu skipulagi á það starf. Þjálfaramál ársins gengu misjafnlega eftir flokkum en breytingar urðu í nokkrum flokkum í sumar.

Samningur um sameiginlegt lið Tindastóls, Kormáks og Hvatar í 2., 3. og 4. flokki karla og kvenna gekk almennt vel. Farið var í það samstarf með það að leiðarljósi að styrkja bæði flokkana sjálfa sem og tengsl milli iðkenda og félaganna. Vilji er fyrir áframhaldandi samstarfi með þó breyttum áherslum í því starfi.

Eingöngu Erna Nielsen mun gefa kost á sér til frekari setu í stjórn Barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Tindastóls og þá með því skilyrði að fleiri komi að starfinu. Náist ekki að manna ráðið þá verður starfinu skilað inn til stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls sem mun þá fara með stjórnun barna- og unglínastarfsins.

Við viljum þakka þeim þakka þeim fjölmörgu aðilum sem komið hafa að starfinu og stutt það á einn eða annan hátt. Seta í stjórn BUR hefur verið gríðarlega gefandi og lærdómsríkt og við vonum innilega að nýir aðilar taki við boltanum og haldi áfram með uppbyggingu starfsins.

Fyrir hönd fráfarandi stjórnar

Guðbjörg Óskarsdóttir



SKÝRSLA 2021-2022 KÖRFUKNATTLEIKSDEILD TINDASTÓLS

Ný stjórn tók við á aðalfundi 15 júní 2021. En um nær algjöra endurnýjun var að ræða er 7 af 9 voru ný í stjórn. Búið var að ráða flesta leikmenn þegar ný stjórn tók við en það var þar með ekki sagt að stjórn hefði litið að gera það var nú öðru nær. Fjáraflanir hófust á fullu og bauðst okkur að sjá um kaffi og hamborgara sölu á íslandsmóti hestamanna, tókst það ágætlega með það í huga að við höfðum aðeins tæpa viku til undirbúnings. Hafist var við að vinna í styrktaraðilum sem varð nokkuð strembið, húsnæði og þessu venjulega sem þarf að gera klárt áður en að leikmenn mæta á svæðið. Sala árskorta var nokkuð svipuð og frá árinu áður og var boðið upp á þá nýbreytni að bjóða árskort+úrslitakeppni og nýttu 8 manns sér það.

Hjá körlum þá hófst tímabilið ágætlega fram í seinni hluta október En þá hófst ógæfukaflí sem náði hámarki rétt fyrir jól með einu stærsta tapi á heimavelli sem liði hefur orðið fyrir frá upphafi. Hófst margir fundir sem varð til þess að gerð var 1 breyting á leikmannahópnum. Liðið fór ekki varhluta af Covid ástandinu frekar en aðrir landsmenn og hafði það mikil áhrif á liðið með endalausum frestunum og veikindum hjá leikmönnum. Eftir mannabreytingar og Covid fór að hegða sér aðeins skaplegra þá fóru að sjást smá batamerki á liðinu og kom sérstaklega í ljós í seinni hluta febrúar. En frá þeim tíma tapaði liðið nær engum leik og fór frá því að vera rétt að komast í 8 liða úrslit í að enda í 4 sæti í deildarkeppninni og þar með tryggja sér heimavallarétt gegn liðinu sem var í 5 sæti. Í úrslita keppni hófst ein eftirminnilegasta vegferð sem Tindastóll hefur farið í. Þar voru sett ný viðmið í framkomu stuðningsmanna á útileikjum, við framkvæmd og stemningu á heimaleikjum í úrslitakeppni svo eftir sé tekið um land allt. En með stuðningsmannasveitina Grettismenn í farabroddi þá tókst að ná upp einstakri stemmingu á leikjum liðsins í úrslitakeppninni sem endaði með því að liðið fór í 5 leikja seríu við Val og lenti í öðrusæti. Það má með sanni segja að þetta sé stórkostlegur árangur hjá liðinu í vetur eftir því sem undan var á gengið hluta vetrar.

Stelpurnar okkar stóðu sig einnig frábærlega í 1 deild og náðu því að vinna öll liðin nema 2. En við höfum verið að tefla fram einu

ýngsta liðinu í 1 deild kvenna þar sem stór hluti leikmanna er 15-18 ára. Við fengum tvö útlendinga til liðs við stelpunar sem stóðu sig vel en ein þeirra þurfti í nóvember 2021 að frá að hverfa vegna persónulegra aðstæðna. En þá stigu þær enn betur upp Eva Rún og Maddie. Eva tók á sig að stýra liðinu og Maddie sem endaði á því að vera næst framlagshæsti leikmaður 1 deildar kvenna. Mætt var vel á leik stelpnanna í vetur þrátt fyrir að leiktíma hafi verið á leiðinlegum tíma. Mikil samheldni var hjá stelpunum í vetur og sást það vel þegar þær fögnuðu sigrum.

Lokahóf körfuknattleiksdeildar Tindastóls var haldið að loknu tímabili þar sem voru veitt verðlaun og viðurkenningar auk þess sem gómsætum veitingum voru gerð góð skil.

Þessi fengu viðurkenningar

Mestu framfarir: Fanney Stefánsdóttir og Taiwo Badmus

Varnarfólk ársins: Klara Sólveig Björgvinsdóttir og Sigtryggur Arnar Björnsson

Leiðtogi ársins Eva Rún Dagsdóttir og Pétur Rúnar Birgisson

Mvp/Verðmætasti leikmenn: Madison Anne Sutton og Javon Anthony Bess

Oft er erfitt að taka svona ákveðna út fyrir sviga en árangur og liðsheild beggja liða í vetur var til fyrirmyndar og við getum öll verið stolt af.

Að lokum þá langar okkur að segja, við tefldum fram ungu liði í meistaraflokk kvenna sem náði árangri langt fram úr væntingum og unnu öll lið í 1.deildinni nema tvö þau efstu. Meistaraflokkur karla fór síðan í landsfrægt ævintýri sem allir þekkja eftir erfiðan og krefjandi vetur. Með hjálp Grettismanna settum við í Tindastól ný viðmið í umgjörð og stemmingu leikja á Íslandi.

Rekstur á metnaðarfullu starfi Körfuknattleiksdeildar Tindastóls væri ógerlegur ef ekki væri fyrir þann gríðarlega dýrmæta stuðning sem þú og þitt fyrirtæki hafið veitt okkur á undanförunum tímabilum.

Framundan er tímabil sem verður án vafa spennandi og ætlum við í Tindastóli að sjálfsgöðu að blanda okkur í baráttu um þá titla sem í boði eru. Við þurfum að leggja á okkur mikla vinnu, þjálfarar í undirbúningi, leikmenn innan vallar og við hin utan vallar. Ef við leggjumst öll á eitt vitum við að hægt er að afreka stóra hluti og það er það sem við viljum sem stuðningsmenn þessa frábæra félags. Áfram Tindastóll!

Fyrir hönd stjórnar,

Dagur Þór Baldvinsson, formaður



SKÝRSLA 2021-2022 UNGLINGARÁÐS KÖRFUKNATTLEIKSDEILD TINDASTÓLS

Í unglingaráði sátu þetta tímabil Sævar Már Þorbergsson formaður, Thelma Knútsdóttir gjaldkeri, Sigríður Garðarsdóttir ritari, Dagný Huld Gunnarsdóttir, Hjalti Sævaldsson, Hrefna Reynisdóttir, Jón Gestur Atlason og Sigrún Baldursdóttir meðstjórnendur.

Eins og ársreikningur unglingaráðs mun sýna var rekstrarútkoma jákvæð, en það tókst með mjög góðri stjórn og fjölda fjáraflananna síðasta ár. En farið var í nokkrar fjáraflanir á árinu, seldur var klósett pappír, pizza deig, o.fl. ásamt því að seldur var varningur sem til var á lager frá síðasta ári, peysur, púðar og fl. Farið var 2 í dósa og flöskusafnanir á árinu sem gáfu vel og er í dag okkar stærsta fjáröflun.

Nokkrir styrkir fengust á árinu og hjálpaði Launa (Covid) styrkurinn mikið, en við réðum starfsmann á fullum launum í verkefni Vinnumálastofnunar síðasta sumar. Ferðastyrkur ÍSÍ hjálpar til við rekstur bílaleigubílsins sem við vorum með í leigu í vetur og var bíllinn vel nýttur af eldri flokkum unglingaráðs og meistaraflokkunum báðum. Við fengum styrk frá UMFÍ til að efla samstarf við önnur lið á Norðurlandi vestra, fengu einnig styrk frá UMFÍ sem við eigum eftir að nota til að útbúa t.d. leikreglur á harðspjaldi fyrir flokka sem spila á Íslandsmóti. Við fengum styrk frá Íþróttasjóðnu fyrir Körfuboltaskóla Norðurlands sem við eigum sannarlega til með að nota næsta tímabil. Einnig styrkti Steinull ehf. okkur með Króksmótið, Fisk Seafood ehf. á umhverfisdeginum sínum og að lokum okkar aðalstyrktaraðilar sem eru á keppnis- og æfingarbúningunum okkar. Ekki má gleyma KS styrknum og Sveitarfélags styrknum en án allra þessara styrkja væri ekki hægt að reka þetta batterí nema með hækkun á æfingargjöldum til iðkenda.

Króksmót var haldið í lok október og gekk það vel, við erum búin að sækja um að fá að halda það þessa sömu helgi í ár og vonandi getum við haldið 2ja daga mót og fengið lið af öllu landinu. Við héldum MB11 stráka mót í byrjun apríl sem tókst vel um 60 lið eða 420 iðkendur komu hér og á Blönduósi og spiluðu 4 leiki í næst síðustu umferð Íslandsmótsins. Búið er að sækja um mót hjá bæði MB10 og MB11 næsta tímabil fyrir bæði stráka og stelpur.

Landsliðshópar; engar landsliðsferðir voru farnar á árinu en átti þó ráðið nokkra leikmenn sem voru í landsliðshópum síðasta árs. Eyþór Lár Bárðarson U20, Eva Rún Dagsdóttir U20, Inga Sólveig Sigurðardóttir U20, Veigar Már Svavarsson U18, Orri Freyr Svavarsson U18, Klara Sólveig Björgvinsdóttir U16 og Axel Arnarson U15.

Við þjálfun yngri flokkanna störfuðu 5 þjálfarar. Þeir voru: Jan Bezica, Friðrik Hrafn Jóhannsson, Jaka Siberle, Eva Rún Dagsdóttir og Bogi Sigurbjörnsson. Til aðstoðar voru nokkrir af eldri iðkendum, Klara Sólveig Björgvinsdóttir, Vigdís Kolka Vignisdóttir og Rebekka Hólm Halldórsdóttir.

Iðkendur á árinu voru í kringum 160 og sendum við 10 lið til keppnis á Íslandsmót; unglingafl.kk. drengjafl., 10.fl.kvk. (liðið var dregið úr keppni um áramót), 9.fl.kk., 7.fl.kk. 7. fl.kvk., MB 11 kk., MB11 kvk., MB10 kk. og MB10 kvk. Iðkandi í 8.fl.kvk. spilaði með Kormáki í sameiginlegu liði. Einnig áttum við 6 flokka í bikarkeppni KKÍ.

Keppi hófst í september, fleiri flokkar en áður spiluðu í deildarkeppnum. Eitthvað var um frestanir bæði vegna veðurs og Covid, en þá helst í lok vetrar þegar sóttvarnareglum var aflétt. En liðunum okkar tókst að spila alla leikina sína, en ekki er hægt að segja það sama með höfuðborgaraliðin.

Staðan eftir tímabilið var þessi:

- Minnibolti 11 kk. og 10 kk. – þrjú til fjögur lið sem tóku þátt á nokkrum Íslandsmótum MB 11 og MB 10 yfir veturinn. MB11 stráka ætti samkvæmt öllu að byrja í B riðli í 7.fl. næstkomandi vetur.
- 7.fl.kvk. Tindastóll – byrjuðu í D-riðli og enduðu tímabilið í D-riðli.
- 7.fl.kk. Tindastóll – byrjuðu í D-riðli og enduðu tímabilið í D-riðli.
- 9.fl.kk. Tindastóls – spiluðu í 2.deild (af fjórum), unnu 6 af 16 leikjum. Í bikar töpuðu þeir sinni fyrstu viðureign.

- 10.fl.kvk. Tindastóll spiluðu þrjá leiki fyrir áramót, en áttu eftir að spila 11 leiki eftir þegar ákveðið að draga liðið úr keppni vegna liðsekl. Í bikar töpuðu þær sinni fyrstu viðureign.
- Drengja.fl.kk. Tindastóll – voru í 2.deild og unnu þeir sig upp í 1.deild næsta haust þar sem þeir munu spila sem 12.fl.kk. Komust þeir í undan úrslit í bikar KKÍ.
- Unglingafl.kk. Tindastóll – voru í 2. Sæti í 2.deild og verða þeir í 2.deild í haust. Komust þeir í 8 liða úrslit í bikar KKÍ.

Uppskeruhátið unglingaráðs var haldin 22. maí í matsal Árskóla boðið var upp á pizzur og svala og iðkendum veitt viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku vetrarins.

Fyrir hönd stjórnar,

Sævar Már Þorbergsson, formaður



Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

Starf Vélhjólaklúbbs Skagafjarðar var frekar mikið á árinu 2022.

Klúbburinn hélt Íslandsmeistaramót í snocross og var mjög góð þátttaka í mótinu og voru skráðir 41 keppandi og af þeim voru 10 sem kepptu í unglingsflokki og er mikil aukning í þessu sporti.

Íðkendur í Vélhjólaklúbbi Skagafjarðar voru um 8 einstaklingar að mæta á æfingar í sumar, heldur færri en hefur verið undanfarin sumur en vonandi á það eftir að breytast.

Æfingar voru haldnar einu sinni í viku og var yfirleitt góð mæting á þær, einnig kom þjálfari frá Danmörk Brian Jorgensen og fór um landið og var að kenna motocross á nokkrum stöðum ásamt íslenskum leiðbeinendum og fóru 3 unglingar á það námskeiðinn en einnig voru allir mjög duglegir að mæta sjálfir og hjóla í brautunum.

Fyrir hönd stjórnar Vélhjólaklúbbs Skagafjarðar.

Guðmundur Rúnar Guðmundsson





SNOCROSS-MÓT Í TINDASTÓL MARS 2022

Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

LÖG UNGMENNASAMBANDS SKAGAFJARÐAR

I. kafli Um Sambandið

I. kafli Um Sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS starfar samkvæmt 3. grein sambandslaga Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og 4. grein laga Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2. grein

Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

3. grein

Markmið sambandsins er:

- Að stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög og leikreglur ÍSÍ.
- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmuna- og áhugamálum félaganna og vera málsvári þeirra út á við.
- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

II. kafli Um Aðildarfélög

4. grein

Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög og stefnuskrá UMSS, UMFÍ og ÍSÍ.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSÍ. Inntaka nýs félags verður að hljóta

samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

5. grein

Úrsögn aðildarfélaga úr UMSS getur aðeins farið fram á ársþingi og er einungis gild ef félagið er skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfelld gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi.

6. grein

Hvert félag skal gera skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrirætlum UMFÍ og ÍSÍ. Félagatal, ársreikningur og stjórnarskipan skal fært inn í félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSÍ ákveður. Starfsskýrslum aðildarfélaga og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðað ársþing.

7. grein

Standi félög ekki við ákvæði 6. gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSÍ eða sérsambönd innan ÍSÍ heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSÍ þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSÍ. Félög sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega

um undanþágu til ÍSÍ og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS. Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSÍ og lögum sérsambandanna.

III. kafli Um Ársþing

8. grein

Ársþing UMSS skal haldið þar á sambandssvæðinu sem síðasta ársþing eða stjórn UMSS ákveður. Ársþing skal halda eigi seinna en í marsmánuði ár hvert, til þess skal boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Ársþing er löglegt sé löglega til þess boðað. Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með minnst viku fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélögum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en tveim vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögum með síðara þingfundaboði. Stjórn UMSS boðar til aukapings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarfélaga. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSÍ.

Ákvæði um boðun aukapings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings.

9. grein

Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kýs stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.

IV. kafli Um Stjórn

10.grein

Dagskrá ársþings skal vera þessi:

1. Þingið sett.
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd.
 - b. Fjárhagsnefnd.
 - c. Íþróttanefnd.
 - d. Aðrar nefndir.
12. Nefndarstörf
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar.
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni.
16. Önnur mál.
17. Þingslit.

11.grein

Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan féлага sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs skal greiðast fyrir 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.

12.grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.

13.grein

Formenn aðildarféлага eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra félaga (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.
- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.
- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 félaga þar fyrir ofan.

Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna. Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

14.grein

Stjórn UMSS skipa fimm einstaklingar: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír einstaklingar í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSí það ár sem þing ÍSí er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSí.

15.grein

Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

16.grein

Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

V. kafli Sérráð

17. grein

Innan UMSS skulu starfa sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSÍ.

18. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi grein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

19. grein

Sérráð skulu annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn UMSS þær. Að fengnum upplýsingum frá sérráðum skal stjórn UMSS semja sameiginlega mótaskrá sem nær til allrar starfsemi á vegum UMSS og annast birtingu hennar á almennum vettvangi. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót og úrslit til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

VI. kafli Önnur Ákvæði

20. grein

Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukþings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

21. grein

Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarfélaga UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

22. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011, 2018 og 2022.

ÁRSREIKNINGUR UMSS





UMSS
Ársreikningur 2022

UMSS
Viðigrund 5
550 Sauðárkrókur
kt. 670269-0359

Áritanir

Stjórn Ungmennasambands Skagafjarðar staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Skagafirði 20. mars 2023

Gunnar Gestsson, formaður

Purður Þórarinsdóttir

Purður Elin Þórarinsdóttir
Kolbrún Marvía Passaro

Þorvaldur Gröndal

Þorvaldur Gröndal
Jóel Árnason

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga Ungmennasambands Skagafjarðar höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning fyrir árið 2022. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2022 og efnahagsreikningi 31. desember 2022. Við teljum ársreikninginn vera í samræmi við lög og samþykktir sambandsins. Leggjum við því til að hann verði samþykktur.

Skagafirði 20. mars 2023

Frímann Guðbrandsson
Frímann Guðbrandsson

Jóhann Sigmarrson
Jóhann Sigmarrson

Samantekinn rekstrarreikningur árið 2022

	Aðalsjóður	Frjáls- íþróttaráð	Hússjóður	Lottó- sjóður	Millifærslur	Samtals 2022	Samtals 2021
Rekstrartekjur:							
Hlutdeild í lottótekjum	4.191.010			15.175.937	(4.191.010)	15.175.937	11.570.626
Aðrar tekjur	5.288.126	486.000	1.673.027	0	(1.988.202)	5.458.951	6.416.080
	<u>9.479.136</u>	<u>486.000</u>	<u>1.673.027</u>	<u>15.175.937</u>	<u>(6.179.212)</u>	<u>20.634.888</u>	<u>17.986.706</u>
Rekstrargjöld:							
Yfirstjórn og skrifstofa	7.478.390	0	0	0	(900.000)	6.578.390	6.830.679
Úthlutað úr lottósjóði				15.175.937	(5.029.212)	10.146.725	7.728.513
Annar rekstrarkostnaður	2.042.514	942.400	2.196.806	0	(250.000)	4.931.720	3.043.284
	<u>9.520.904</u>	<u>942.400</u>	<u>2.196.806</u>	<u>15.175.937</u>	<u>(6.179.212)</u>	<u>21.656.835</u>	<u>17.602.476</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(41.768)	(456.400)	(523.779)	0	0	(1.021.947)	384.230
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:							
Vaxtatekjur	14.343	355	1.031	21.079		36.808	4.879
Vaxtagjöld	(30.747)	(78)	(227)	(4.637)		(35.689)	(15.287)
	<u>(16.404)</u>	<u>277</u>	<u>804</u>	<u>16.442</u>	<u>0</u>	<u>1.119</u>	<u>(10.408)</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>(58.172)</u>	<u>(456.123)</u>	<u>(522.975)</u>	<u>16.442</u>	<u>0</u>	<u>(1.020.828)</u>	<u>373.822</u>

Samantekinn efnahagsreikningur 31. desember 2022

EIGNIR:

	Aðalsjóður	Frjáls- íþróttaráð	Hússjóður	Lottó- sjóður	Millifærslur	Samtals 2022	Samtals 2021
Veltufjármunir:							
Óinnheimtar tekjur	2.310.000	150.000		1.472.465		3.932.465	2.200.586
Krafa á aðalsjóð	0		0	996.548	(996.548)	0	0
Krafa á frjálsíþróttaráð og hússjóð	1.994.383				(1.994.383)	0	0
Handbært fé	6.546.263	149.538	46.314	2.462.786		9.204.901	5.168.023
Veltufjármunir samtals	10.850.646	299.538	46.314	4.931.799	(2.990.931)	13.137.366	7.368.609
Eignir samtals	10.850.646	299.538	46.314	4.931.799	(2.990.931)	13.137.366	7.368.609

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé	5.640.623	(746.847)	(901.684)	282.277		4.274.369	5.295.197
Eigið fé samtals	5.640.623	(746.847)	(901.684)	282.277	0	4.274.369	5.295.197

Skammtímaskuldir:

Skuld við UMSS	996.548	1.046.385	947.998	0	(2.990.931)	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	4.213.475	0	0			4.213.475	2.073.412
Skammtímaskuldir samtals	5.210.023	1.046.385	947.998	4.649.522	(2.990.931)	8.862.997	2.073.412
Skuldir samtals	5.210.023	1.046.385	947.998	4.649.522	(2.990.931)	8.862.997	2.073.412
Eigið fé og skuldir samtals	10.850.646	299.538	46.314	4.931.799	(2.990.931)	13.137.366	7.368.609

Rekstrarreikningur árið 2022 - Aðalsjóður

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld aðildarféлага		1.588.104	1.767.034
Lottó og getraunir		4.191.010	3.842.113
Styrkir	1	2.611.820	2.783.000
Aðrar tekjur		250.000	350.000
Afreksmannasjóður		838.202	757.680
		<u>9.479.136</u>	<u>9.499.827</u>
Rekstrargjöld:			
Yfirstjórn og skrifstofa	3	7.478.390	6.830.679
Kostnaður vegna íþróttar	4	536.230	862.500
Annar kostnaður	5	882.284	425.945
Greitt úr afreksmannasjóði	6	624.000	650.000
		<u>9.520.904</u>	<u>8.769.124</u>
Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(	41.768)	730.703
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		14.343	2.590
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(	30.747)	(14.784)
		<u>(16.404)</u>	<u>(12.194)</u>
Niðurstaða ársins	(	<u>58.172)</u>	<u>718.509</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022 - Aðalsjóður

EIGNIR:

	Skýr.	2022	2021
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur		2.310.000	2.098.086
Krafa á lottósjóð		0	1.963.719
Krafa á frjálsíþróttar- og hússjóð		1.994.383	1.550.481
Handbært fé	7	6.546.263	2.159.921
Veltufjármunir samtals		<u>10.850.646</u>	<u>7.772.207</u>
Eignir samtals		<u>10.850.646</u>	<u>7.772.207</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

Eigið fé:			
Fært frá fyrra ári		5.698.795	4.980.286
Niðurstaða ársins	(	58.172)	718.509
Eigið fé samtals		<u>5.640.623</u>	<u>5.698.795</u>
Skuldir:			
Skuld við lottósjóð		996.548	0
Aðrar skammtímaskuldir		4.213.475	2.073.412
Skuldir samtals		<u>5.210.023</u>	<u>2.073.412</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>10.850.646</u>	<u>7.772.207</u>

Sundurliðanir - Aðalsjóður

	2022	2021
1. Styrkir:		
Sveitarfélagið Skagafjörður	1.800.000	1.803.000
Sveitarfélagið Skagafjörður, húsaleigustyrkur	780.000	780.000
Ýmsir styrkir	31.820	200.000
	<u>2.611.820</u>	<u>2.783.000</u>
Sundurliðun, styrkir Sv. Skagafjörður:		
1a Greiðslur frá Sv. Skagafirði	10.554.000	10.557.000
Knattspyrnudeild Tindastóls	(1.596.000)	(2.220.000)
Unglingaráð körfuknattleiksdeildar Tindastóls	(1.722.000)	(2.028.000)
Íþrótt- og ungmennafélagið Smári	(714.000)	(1.014.000)
Hestamannafélagið Skagfirðingur	(1.350.000)	(366.000)
Frjálsíþróttadeild Tindastóls	(1.086.000)	(1.014.000)
Ungmennafélagið Neisti	(498.000)	(642.000)
Skíðadeild Tindastóls	(366.000)	(372.000)
Sunddeild Tindastóls	(378.000)	(432.000)
Ungmennafélagið Hjalti	(66.000)	(186.000)
Tindastóll, aðalstjórn	(84.000)	(132.000)
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	(60.000)	(108.000)
Júdódeild Tindastóls	(624.000)	(186.000)
Bogfimideild Tindastóls	(114.000)	(54.000)
Badmintondeild	(96.000)	
	<u>1.800.000</u>	<u>1.803.000</u>
2 Aðrar tekjur:		
UMFÍ	250.000	350.000
	<u>250.000</u>	<u>350.000</u>
3 Yfirstjórn og skrifstofa:		
Laun	4.739.860	5.443.685
Launatengd gjöld	1.134.325	1.154.478
Húsaleiga, tryggingar	909.470	908.993
Sími og burðargjöld	80.420	71.108
Tölvubúnaður og tölvuþjónusta	280.800	174.907
Annar skrifstofukostnaður	333.515	96.423
	<u>7.478.390</u>	<u>7.849.594</u>
Atvinnuleysistryggingasjóður	0	(1.018.915)
	<u>7.478.390</u>	<u>6.830.679</u>

Sundurliðanir frh.: - Aðalsjóður

	2022	2021
4 Kostnaður vegna íþróttar:		
Framlag til Hestamannafélagsins Skagfirðings	0	250.000
Framlag til Frjálsíþróttaráðs	250.000	250.000
Framlag til Badmintondeildar Tindastóls	0	200.000
Landsmótskostnaður	<u>286.230</u>	<u>162.500</u>
	<u>536.230</u>	<u>862.500</u>
5 Annar kostnaður:		
Íþróttamaður Skagafjarðar	50.170	9.775
Bókhalds- og uppgjörskostnaður	141.956	185.388
Fræðsludagur UMSS	371.243	0
Samskipti við UMFÍ, ÍSÍ, þing ofl.	212.781	67.250
Árþing UMSS	19.735	74.543
Annar kostnaður	<u>86.399</u>	<u>88.989</u>
	<u>882.284</u>	<u>425.945</u>
6 Afreksmannasjóður - styrkþegar:		
8 (10) styrkþegar	624.000	650.000
	<u>624.000</u>	<u>650.000</u>
7 Bankainnstæður:		
Aðalstjórn, 0349-26-1997	4.920.676	1.019.712
0349-13-251904	76.214	75.847
Landsmótssjóður, 0349-13-251902	191.899	190.976
Afreksmannasjóður, 0349-13-251900	937.105	455.137
Velferðarsjóður, 0349-13-251901	397.553	395.544
Greiðslukortareikningur 0349-26-3589	9.112	9.102
0161-26-70005	<u>13.704</u>	<u>13.603</u>
	<u>6.546.263</u>	<u>2.159.921</u>

Rekstrarreikningur árið 2022 - Frjálsíþróttaráð

	2022	2021
Rekstrartekjur:		
Tekjur af mótahaldi	236.000	289.593
Framlag frá UMSS	250.000	250.000
	<u>486.000</u>	<u>539.593</u>
Rekstrargjöld:		
Skráningargjöld	747.250	287.500
FRÍ, þjónustugjald	116.000	104.000
Mótakostnaður	87.705	35.750
Keppnisfatnaður	(8.555)	75.227
	<u>942.400</u>	<u>502.477</u>
Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(456.400)	37.116
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	355	365
Fjármagnstekjuskattur	(78)	(80)
	<u>277</u>	<u>285</u>
Niðurstaða ársins	<u>(456.123)</u>	<u>37.401</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022 - Frjálsíþróttaráð

EIGNIR:

	2022	2021
Veltufjármunir:		
FRÍ v. MÖ 2022	150.000	0
UMFÍ	0	102.500
Bankareikningur 0319-26-1280	149.538	443.675
Veltufjármunir samtals	<u>299.538</u>	<u>546.175</u>
Eignir samtals	<u>299.538</u>	<u>546.175</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

Eigið fé:		
Fært frá fyrra ári	(290.724)	(328.125)
Niðurstaða ársins	(456.123)	37.401
Eigið fé samtals	<u>(746.847)</u>	<u>(290.724)</u>

Skuldir:

UMSS	1.046.385	836.899
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.046.385</u>	<u>836.899</u>
Skuldir samtals	<u>1.046.385</u>	<u>836.899</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>299.538</u>	<u>546.175</u>

Rekstrarreikningur árið 2022 - Hússjóður

	2022	2021
Rekstrartekjur:		
Húsaleiga UMFÍ	773.027	718.773
Húsaleiga UMSS	900.000	900.000
	<u>1.673.027</u>	<u>1.618.773</u>
Rekstrargjöld:		
Húsaleiga	2.144.877	1.984.574
Hiti og rafmagn	51.929	17.788
	<u>2.196.806</u>	<u>2.002.362</u>
Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(523.779)	(383.589)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	1.031	422
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	(227)	(93)
	<u>804</u>	<u>329</u>
Niðurstaða ársins	<u>(522.975)</u>	<u>(383.260)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022 - Hússjóður

EIGNIR:

	2022	2021
Veltufjármunir:		
Bankareikningur 0161-26-7070	46.314	334.873
Veltufjármunir samtals	<u>46.314</u>	<u>334.873</u>
Eignir samtals	<u>46.314</u>	<u>334.873</u>

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

Eigið fé:		
Fært frá fyrra ári	(378.709)	4.551
Niðurstaða ársins	(522.975)	(383.260)
Eigið fé samtals	<u>(901.684)</u>	<u>(378.709)</u>
Skuldir:		
UMSS	947.998	713.582
Skammtímaskuldir samtals	<u>947.998</u>	<u>713.582</u>
Skuldir samtals	<u>947.998</u>	<u>713.582</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>46.314</u>	<u>334.873</u>

Rekstrarreikningur árið 2022 - Lottósjóður

	2022	2021
Rekstrartekjur:		
Lottótekjur	15.175.937	12.328.306
	<u>15.175.937</u>	<u>12.328.306</u>
Rekstrargjöld:		
UMSS, aðalsjóður	4.191.010	3.842.113
UMSS, afreksmannasjóður	838.202	757.680
Óskipt úthlutun	2.581.326	0
Covid styrkur 2020 úthlutað 2021	0	(1.111.977)
Bílaflúbbur Skagafjarðar	182.140	195.094
Golfklúbbur Sauðárkróks	582.910	688.854
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1.618.049	1.809.898
Íþróttafélagið Gróska	67.305	22.761
Siglingaklúbburinn Drangey	418.614	464.690
Ungmennafélagið Hjalti	482.543	526.057
Ungmennafélagið Neisti	272.455	570.046
Ungmennafélagið Tindastóll	3.107.202	3.233.192
Ungmenna og íþróttafélagið Smári	630.861	1.044.087
Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar	203.320	285.811
	<u>15.175.937</u>	<u>12.328.306</u>
Niðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	21.079	1.502
Fjármagnstekjuskattur	(4.637)	(330)
	<u>16.442</u>	<u>1.172</u>
Niðurstaða ársins	16.442	1.172

Efnahagsreikningur 31. desember 2022 - Lottósjóður

EIGNIR:

	2022	2021
Veltufjármunir:		
Önnheimtar lottótekjur	1.472.465	0
UMSS	996.548	0
Bankareikningur 0349-05-251903	2.462.786	2.229.554
Veltufjármunir samtals	<u>4.931.799</u>	<u>2.229.554</u>
Eignir samtals	4.931.799	2.229.554

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR:

Eigið fé:		
Fært frá fyrra ári	265.835	264.663
Niðurstaða ársins	16.442	1.172
Eigið fé samtals	<u>282.277</u>	<u>265.835</u>
Skuldir:		
Ógreidd lottóúthlutun	4.649.522	0
UMSS	0	1.963.719
Skammtímaskuldir samtals	<u>4.649.522</u>	<u>1.963.719</u>
Skuldir samtals	4.649.522	1.963.719
Eigið fé og skuldir samtals	4.931.799	2.229.554

